



Varmárskóli í Mosfellsbæ

Úttekt

Unnar Þór Böðvarsson
Trausti Þorsteinsson

Desember 2010
Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

© Unnar Þór Bøðvarsson og Trausti Þorsteinsson, 2010.

Varmárskóli í Mosfellsbæ. Úttekt.

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Myndir á forsíðu eru fengnar af heimasíðu Varmárskóla. Myndirnar eru allar frá Vin, útikennslusvæði skólans og sýna nemendur úr 5. HG í útikennslustund.

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður	4
Inngangur	5
Aðferð.....	6
Skólinn	7
Varmárskóli – sögulegt yfirlit	7
Skólinn.....	7
Áherslur og stefna skólans	8
Rekstur og stjórnun	9
Lög og reglugerðir.....	11
Ytri tengsl.....	11
Starfsandi og skólabragur.....	11
Aðbúnaður	12
Samantekt og mat	12
Skólanámskrá	14
Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags	14
Sérstakar áherslur skólans	15
Aðrar áherslur.....	15
Kennsla.....	15
Tengsl skólastiga	16
Námsmat.....	17
Val í námi.	18
Skólaþróun.....	19
Samantekt og mat.	20
Innra mat	22
Fyrirkomulag og framkvæmd (sjálfsmatskerfi – aðferð)	22
Tengsl við skólanámskrá og þátttakendur í mati.....	24
Umbætur á grundvelli sjálfsmats.....	24
Samantekt og mat	25
Kennarar og annað starfsfólk.	26
Menntun og endurmenntun	26
Skipulag skólastarfs.....	26
Námsárangur og námsmat	27
Jafnrétti.....	27
Samantekt og mat	28
Nemendur	29
Líðan og lýðræði	29
Jafnrétti og samskipti.....	29
Skólaráð og nemendaráð, starfsvið	30
Námsárangur og námsmat	30
Samantekt og mat	30
Þátttaka foreldra í skólastarfinu.....	32
Þátttaka foreldra í starfi skólans	32
Skólaráð og lýðræði.....	33
Samantekt og mat	33
Sérfræðipjónusta sveitarfélags/skólans	34
Fyrirkomulag og aðgengi	34

Greining og skimunarpróf	35
Nemendaverndarráð	35
Sjúkrakennsla og skólaheilsugæsla	36
Samantekt og mat	36
Mat og eftirlit sveitarfélagsins.....	37
Áhersluatriði sveitarfélags í ytra mati	37
Framkvæmd ytra mats (starfsfólk sveitarfélags/aðkeypt þjónusta).....	37
Umræða og tillögur til úrbóta.....	38
Styrkleikar og veikleikar	39
Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	39
Lokaorð	40
Heimildir	41

Myndir

Mynd 1: Rekstur almennra grunnskóla. (Lög um grunnskóla, 2008)	9
Mynd 2: Skipurit Varmárskóla (Varmárskóli. 2010)	9
Mynd 3: Úr stefnu Varmárskóla (Varmárskóli. 2010).....	13
Mynd 4: 29. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.....	14
Mynd 5: Nokkur af mörgum áhersluatriðum Varmárskóla (Varmárskóli, 2010).....	15
Mynd 6: Um námsmat (lög um grunnskóla. 2008)	17
Mynd 7: Upplýsingar um námsgengi (Aðalnámskrá grunnskóla. 2006)	17
Mynd 8: Um valáfanga í 9. og 10. bekk. (Varmárskóli. 2010)	19
Mynd 9: Hver grunnskóli metur... (Lög um grunnskóla. 2008).....	22
Mynd 10: Um Skólapúlsinn (Skólapúlsinn. 2010).....	22
Mynd 11: Nám og kennsla (Varmárskóli. 2010).....	26
Mynd 12: Námsver skólans (Varmárskóli. 2010)	27
Mynd 13: Fullyrðingar úr Skólapúlsi (Varmárskóli. 2010)	29
Mynd 14: Úr 9. gr. laga um grunnskóla (Lög um grunnskóla. 2008)	32
Mynd 15: Þjónusta skólaskrifstofu við skólana (Mosfellsbær. 2010).....	34
Mynd 16: Markmið nemendaverndarráðs (Varmárskóli. 2010)	35
Mynd 17: Úr samþykkt Mosfellsbæjar. (Mosfellsbær. 2003).....	37

Töflur

Tafla 1: Úr starfsáætlun Mosfellsbæjar. (Mosfellsbær. 2010)	7
Tafla 2: Fjöldi í árgöngum.	8
Tafla 3: Árangur Varmárskóla á samræmdum prófum í 4. bekk 2005–2010.	18
Tafla 4: Framfarastuðlar og normaldreifðar einkunnir Varmárskóla 2005–2010.....	18
Tafla 5: Styrkleikar og veikleikar í starfi Varmárskóla.....	39

Meginniðurstöður

Tekist hefur á árangursríkan hátt að sameina tvo skóla, Varmárskóla, 1.–6. bekkur og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar, 7.–10. bekkur, árið 2001 í einn heildstæðan grunnskóla með 1.–10. bekk sem ber nafn gamla barnaskólans – Varmárskóli.

Starf Varmárskóla fer fram í tveimur húsum og setur það skólastarfinu ákveðnar skorður. Góð leið er að unnið verði að úrbótum í húsnæðismálum með tengibyggingu milli skólahúsanna en þá fyrst verður hægt að tala um að sameiningu skólanna tveggja sé lokið þegar öll starfsemi Varmárskóla er komin undir eitt þak.

Í Varmárskóla fer fram metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf. Námsárangur nemenda virðist með ágætum og fjölbreytt þróunar- og umbótastarf á sér stað. Jákvætt andrúmsloft er í skólanum og góð samskipti milli nemenda og kennara.

Viðhorf nemenda og foreldra til náms og kennslu í Varmárskóla eru jákvæðar fyrir skólann. Almennt telja nemendur og foreldrar skólann góðan. Nemendum líður þar vel og telja þeir sig örugga í skólanum.

Varmárskóli á í góðum samskiptum við leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla í Mosfellsbæ auk þess að vera í góðu samstarfi framhaldsskóla í Reykjavík.

Skólastjórar virðast hafa skarpa sýn á skilvirkt og árangursríkt skólastarf og er einkar lagið að virkja starfsfólk til samstarfs. Starfsfólki er sýnt traust og þeim er falin forysta og ábyrgð. Skýr verkaskipting er á milli stjórnenda og aðgangur starfsfólks að stjórnendum er opin og skólastjórar hvetjandi.

Skólaráð hefur verið kjörið á lýðræðislegan hátt í Varmárskóla skv. lögum. Fundað hefur verið reglulega í ráðinu sl. tvö ár. Búið er að setja upp fundi skólaráðs með dagskrá fyrir skólaárið 2010–2011 og er fundaaætlunin aðgengileg á heimasíðu skólans. Ekki hafa verið settar nánari starfsreglur fyrir skólaráð sbr. 5. gr. reglugerðar um skólaráð nr. 1157/2008 né fullgera skipurit fyrir ráðið.

Starf Varmárskóla tekur mið af þeim áherslum sem fram koma í lögum og aðalnámskrá. Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla þó ekki ákvæði laga og þarf skólinn að útfæra skólanámskrá og starfsáætlun til samræmis við ákvæði laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Unnið er að þróun kennsluhátta í skólanum og aukinni fagmennsku meðal kennara á mörgum sviðum. Eitt af því sem sérstök áhersla hefur verið lögð á með góðum árangri er útikennsla sem birtist í þróunarverkefninu „*Bærinn okkar – betri bær og allir með*“.

Skólinn leggur mikla áherslu á lífsleiknikennslu og félagsfærni nemenda og í bekkjartímum með umsjónarkennara fá nemendur góða fræðslu um jafnréttismál. Jafnframt vinnur skólinn með Mosfellsbæ markvisst að forvarnarstarfi í góðu samstarfi við foreldra, íþróttafélög og aðra aðila utan skóla í því sambandi.

Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir úttekt á Varmárskóla í Mosfellsbæ. Úttekt þessi var unnin að ósk mennta- og menningarmálaráðuneytisins og gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólanna með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla.

Í maí 2010 birti mennta- og menningarmálaráðuneyti þriggja ára áætlun sína um ytra mat í framhaldsskólum, grunnskólum og leikskólum 2010–2012. Þar segir að skv. lögum hafi ráðherra eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um grunnskóla, aðalnámskrá og reglugerðir kveða á um. Í áætlun ráðuneytisins segir enn fremur að ný lög um grunnskóla geri ráð fyrir auknu ytra mati á starfsemi grunnskóla. Þessu hyggst ráðuneytið mæta með aukinni áherslu á stofnanaúttektir. Áætlað er að árin 2010–2012 verði gerðar stofnanaúttektir á 18 grunnskólum.

Í ljósi þessarar áætlunar auglýsti mennta- og menningarmálaráðuneyti eftir sveitarfélögum sem áhuga hefðu á því að fram fari úttekt á starfi grunnskóla innan þeirra. Lögð var áhersla á að afstaða skólastjóra viðkomandi skóla til úttektarinnar kæmi fram í umsókninni. Í auglýsingunni kemur fram að í úttektinni felist að utanaðkomandi aðili leggi mat á viðkomandi grunnskóla og starf hans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Það verði m.a. gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknnum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla foreldra o.fl ef úttektaraðilar kjósa svo.

Nokkur sveitarfélög óskuðu eftir því að skólar þeirra fengju að vera þátttakendur í þessari úttektarlotu og þurfti ráðuneytið að velja þrjá skóla úr umsóknum. Í bréfi sem sent var til sveitarfélaga þeirra skóla sem urðu fyrir valinu segir að markmið úttektarinnar sé að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Í úttektinni skuli m.a. leggja áherslu á stefnu og stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur, fyrirkomulag námsmats, val í námi og sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Úttektin skal einnig beinast að mati og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfi og hvernig það nýtist skólanum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Trausta Þorsteinssyni, lektor við Háskólann á Akureyri og Unnari Þór Böðvarssyni, fyrrverandi skólastjóra að annast úttektina. Skýrslan skiptist í tíu meginkafla sem hverjum er skipt niður í undirkafla og lýkur hverjum kafla með samantekt og mati skýrsluhöfunda. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir aðferðum við gagnaöflun. Í öðrum kafla er fjallað um skólann og meginstefnu hans. Í þriðja kafla er fjallað um skólanámskrá skólans og í fjórða kafla um innra mat. Fimmti kafla fjallar um kennara og annað starfsfólk og sjötti kafla um nemendur. Í sjöunda kafla er fjallað um þátttöku foreldra í skólastarfinu, í áttunda kafla um sérfræðiþjónustu skólans og níunda kafla er gerð umfjöllun um mat og eftirlit sveitarfélagsins. Í tíunda og síðasta kaflanum eru svo dregnar fram meginniðurstöður höfunda og settar fram tillögur til úrbóta.

Aðferð

Í erindisbréfi sem úttekaraðilum var fengið frá mennta- og menningarmálaráðuneyti var við það miðað að úttektin yrði byggð á fyrirbyggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknum. Í upphafi úttektarinnar var skólastjórum Varmárskóla þeim Þórhildi Elfarsdóttur og Þórönnu Rósu Ólafsdóttur sent bréf þar sem greint var frá úttektinni og óskað eftir að fá eftirtalin gögn afhent í væntanlegri heimsókn þann 11. nóvember.

- Skólanámskrá.
- Starfsáætlun
- Ársskýrsla skóla – sjálfsmatsskýrsla.
- Nemendafjöldi 15. september 2010, skipt eftir árgöngum.
- Starfsmannafjöldi, starfsheiti og starfshlutfall
- Skipurit skólans.
- Upplýsingar um öryggisnefnd og helstu verkefni.
- Upplýsingar um valgreinar.
- Skólaráð, skipan, kjör og helstu verkefni þess.
- Lög foreldrafélags og helstu verkefni.

Gerðar voru tvær heimsóknir í Varmárskóla þann 11. og 24. nóvember og tekin viðtöl, gengið um húsnæði skólans, borðað í mötuneyti með nemendum og reynt að fanga skólabrag Varmárskóla. Viðtöl voru tekin við skólastjórana í báðum heimsóknunum auk þess sem tekin voru rýnihópaviðtöl við eftirfarandi aðila:

- Framkvæmdastjóri fræðsluviðs og fulltrúar úr fræðslunefnd
- Fulltrúar kennara, tveir af hverju skólastigi auk tveggja kennara sem kenndu þvert á stig samtals átta kennarar.
- Deildarstjórar
- Kennarar í sérkennslu og námsveri
- Fulltrúar annars starfsfólks, húsvörður, skólaliðar og starfsfólk í mötuneyti.
- Nemendaráð
- Stjórn foreldrafélags

Leitað var heimildar viðmælenda til að hljóðrita viðtölin og auðveldaði það úrvinnslu. Öllum viðmælendum var heitið trúnaði, þeir ekki nafngreindir og ekki er vitnað í einstaklinga úr rýnihópum einungis sagt frá hvað þar kom fram. Öllum hljóðskráum verður eytt að úttekt lokinni.

Auk ofangreindra gagna var stuðst við eftirtalin gögn (sjá nánar í heimildaskrá):

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 2006
- Gögn frá Hagstofu Íslands um fjölda nemenda og íbúa.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.
- Sjálfsmatsskýrsla Varmárskóla 2010
- Skólastefna Mosfellsbæjar 5. maí 2010
- Skýrslur um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009 og 2010.

Skólinn

Varmárskóli – sögulegt yfirlit

Formlegt skólahald hófst í Mosfellssveit 1922 í Brúarlandi við Vesturlandsveg. Fyrstu 20 árin var kennt í Brúarlandsskóla og voru nemendur á bilinu 30–40. Jafnframt því sem farið var að kenna eftir árgöngum árið 1960 var hafist handa við að byggja Varmárskóla. Skólastarf í honum hófst árið 1962 í nýrri byggingu. Lokið var við byggingu skólahússins í áföngum. Árið 1966 tók Gagnfræðaskólinn í Mosfellsbæ til starfa í Brúarlandsskóla en flutti í nýtt skólahús 1973 sem heitir Varmárskóli eldri deild.

Með sameiningu Varmárskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar árið 2001 varð til heildstæður grunnskóli frá 1. til 10. bekk. Skólahúsnæðið er í tveimur byggingum. Varmárskóli sem var með 1.–6. bekk auk leikskóladeildarinnar og fyrrum Gagnfræðaskólinn með 7.–10. bekk. Námsver (sérdeild) er rekið í tengslum við eldri deildina þar sem nemendur með umtalsverð frávík geta stundað nám út frá sínum árgöngum að litlu eða öllu leyti.

Skólinn

Í Varmárskóla eru rúmlega 670 nemendur í 33 bekkjardeildum auk leikskóladeildar sem rekin er við skólann í samvinnu við þrjá leikskóla í bænum til að íbúar Mosfellsbæjar eigi eins fjölbreytt leik- og grunnskólaúrræði og kostur er. Tafla 1 gefur upplýsingar um starfsmannafjölda og fjölda stöðugilda við skólann auk upplýsingar um nemendafjölda og skiptingu í þeirra í bekkjardeildir (Mosfellsbær, 2009). Aftasti dálkur töflunnar er viðbót unnin út frá upplýsingum frá skólastjórnendum um fjölda og stöðuhlutfall starfsmanna.

Tafla 1: Úr starfsáætlun Mosfellsbæjar. (Mosfellsbær, 2010)

Lykiltölur	ársreikningur 2008	áætlun 2009	áætlun 2010	Varmárskóli 10.11.2010
Fjöldi starfsmanna – 100% staða	101,75	105,5	98,76	94,04
Stöðugildi				
- stöðugildi til kennslu	65	61	60,09	59,64
- stöðugildi skólaliðar, mötuneyti	15	17	13,34	13,73
- stöðugildi stuðningsfulltrúa	5,5	6,0	7,16	6,20
- frístund og leikskóladeild	4,5	8,5	6,7	5
- stöðugildi aðrir	5,75	6	4,47	4,47
- stöðugildi stjórnendur	6	7	7	5
Aðsókn, magn, hlutföll o.s.frv.				
- nemendafjöldi	710	700	680	672
- fjöldi nemenda í mötuneyti	552	595	578	580
- fjöldi nemenda í frístund	100	124	124	110
- bekkjardeildir	35	35	33	33
- þar af leikskóli	1	1	1	0

Einn deildarstjóri er í námsleyfi. Ekki var ráðið í hans stað og stjórnendur skipta starfi hans á milli sín á meðan hann er í leyfi, auk þess sem verkefnum er dreift á starfsmenn skólans. Starfandi stjórnendur við Varmárskóla eru því aðeins 5 skólaárið 2010-2011 því með aflagningu eiginlegrar leikskóladeildar við Varmárskóla var aðstoðarleikskólastjóra sagt upp og verkefnastjóri ráðinn í staðinn. Hann er inni í tölum um frístund og leikskóladeild.

Í starfsmannaveltu var aukning á fimm ára tímabili frá 2006–2009 að meðaltali 20,58%. Mest var aukning starfsmannaveltunnar 25,33% árið 2007, en 14,47% árið 2009.

Tafla 2 er unnin úr starfsáætlun Varmárskóla og sýnir fjölda bekkjardeilda í árgöngum, fjölda nemenda eftir kyni og heildarfjölda nemenda og bekkjardeilda.

Tafla 2: Fjöldi í árgöngum.

Árgangar	fjöldi bekkja	fjöldi drengja	fjöldi stúlkna	nemendur alls	fjöldi í bekkjum
1. bekkur	2	20	22	42	21
2. bekkur	3	35	24	59	19,66
3. bekkur	3	43	19	62	20,66
4. bekkur	4	43	31	74	18,5
5. bekkur	3	32	34	66	22
6. bekkur	3	39	21	60	20
Yngri deild alls.....	18	212	151	363	
7. bekkur	3	34	35	69	23
8. bekkur	4	45	44	89	22,25
9. bekkur	4	41	48	89	22,25*
10. bekkur	4	31	31	62	15,15**
Eldri deild alls.....	15	151	158	309	
Samtals.....	33	363	309	672	

*í námsveri er einn fámennur 9. bekkur með 9 nemendur.

**í námsveri er einn fámennur 10. bekkur með 7 nemendur.

Áherslur og stefna skólans

Í skólustefnu Varmárskóla er lagt upp með gildi Mosfellsbæjar sem eru „*virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja*“ og í skólustefnu Mosfellsbæjar eru sömu gildi lögð til grundvallar skólustefnunnar.

Mikil uppbygging og fjölgun hefur orðið í Mosfellsbæ á nýliðnum árum og áratugum. Með mikilli fólksfjölgun og nýjum hverfum hafa orðið til ný menntunarframboð s.s. Krikaskóli og Framhaldsskóli Mosfellsbæjar sem Varmárskóli þarf að vera meðvitaður um og taka mið af í starfi sínu. Í stefnu Varmárskóla segir orðrétt: „*Mikilvægt er að Varmárskóli sé vakandi yfir þeim þörfum sem vakna í nemendahópnum á hverjum tíma fyrir sig og sé tilbúinn til að endurskoða stefnu sína reglulega*“ (Varmárskóli, 2010)

Vegna tilkomu Krikaskóla sem er leik- og grunnskóli upp í 4. bekk eru nemendur í 1. –4. bekk Varmárskóla færri en ella þar sem upptökusvæði skólanna skarast auk þess sem foreldrar í Mosfellsbæ hafa ákveðið val um skóla fyrir börn sín bæði í leik- og grunnskóla. Varmárskóli er í grónu hverfi og almenn sátt er um skólastarfið að mati hagsmunaaðila sem talað var við í skólaheimsóknnum okkar í Varmárskóla 11. og 24. nóv. sl.

Í starfi Varmárskóla er nemandinn í brennidepli þar sem áhersla er lögð á öryggi, vellíðan og metnaðarfullt skólastarf. Skólinn leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám og er lagt upp við kennara að skipuleggja nám og kennslu í samræmi við það. Í skólanum er nám nemenda skipulagt út frá árgöngum frekar en bekkjum. Í yngsta árgangi skólans er t.d. ekki um neina bekkjarskiptingu að ræða og í eldri deildinni er námið skipulagt út frá námsgreinum.

Námsver (sérdeild) er rekið í tengslum við eldri deildina þar sem nemendur með umtalsverð frávík geta stundað nám út frá sínum árgöngum að litlu eða öllu leyti. Í námsverinu er leitast við að koma til móts við nemandann í samráði við hann út frá hans sterku hliðum. Einnig er samráð haft við foreldra, umsjónarkennara, sérkennara og fleiri.

Rekstur og stjórnun

Í grunnskólalögum nr 91 2008, 5. gr. segir :

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla,... og í 6. grein sömu laga segir enn fremur Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Mynd 1: Rekstur almennra grunnskóla. (Lög um grunnskóla, 2008)

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar skipa fimm fulltrúar og fimm til vara kosnir af bæjarstjórn. Einnig situr einn áheyrnarfulltrúi S-lista í fræðslunefnd. Fræðslunefnd fer með fræðslumál bæjarins samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar fyrir fræðslunefnd frá 21.5.2003. Framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs er Björn Þráinn Þórðarson og situr hann fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn nefndarinnar eru þrír (Mosfellsbær. 2010).

Í kjölfar stefnumótunar Mosfellsbæjar árið 2008 samþykkti fræðslunefnd að fara í endurskoðun á skólastefnu bæjarins í janúar 2009. Skólaþing var síðan haldið í maí það sama ár þar sem öllum bæjarbúum gafst kostur á að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri. Í skólastefnu Mosfellsbæjar er samþykkt var í bæjarstjórn 5. maí 2010 er áhersla lögð á að hlustað sé á raddir nemenda.

Í Varmárskóla starfa um 100 starfsmenn í 78 stöðugildum og skiptast starfsmenn þannig að við skólann starfa 56 kennarar, þar af 4 leiðbeinendur. 33 almennir starfsmenn eru við skólann auk eftirtalinna stjórnenda:

- Tveir skólastjórar þær Þórhildur Elfarsdóttir og Þórunna Rósa Ólafsdóttir.
- Fjórir deildarstjórar þar af einn í námsleyfi skólaárið 2010–2011.
- Einn verkefnisstjóri leikskóladeildar í 100% stöðu
- Tveir náms- og starfsráðgjafar í 50% stöðu hvor. (Varmárskóli. 2010).

Stjórnunaruppbygging Varmárskóla er með nokkuð óhefðbundnu sniði en skólinn kynnir skipurit sitt á eftirfarandi hátt (Mynd 2).

NEMENDUR			
KENNARAR			
NÁMSRÁÐGJAFI			BÓKASAFN/UPPLÝSINGAVEITA
AÐSTOÐARLEIKSTJÓRI			HEILSDAGSSKÓLI/FORSTÖÐUM.
STUÐNINGSFULLTRÚAR			TÖLVUUMSJÓN
ÞROSKAÞJÁLFA			HÚSVARSLA/SKÓLALÍÐAR
			MÖTUNEYTI
SÉRKENNSLA			SKÓLARITARAR
SÉRKENNSLUT/NÁMSVER			SKRIFSTOFUFULLTRÚI
DEILDARSTJÓRI	DEILDARSTJÓRI	DEILDARSTJÓRI	DEILDARSTJÓRI
SKÓLASTJÓRAR			

Mynd 2: Skipurit Varmárskóla (Varmárskóli. 2010)

Skipurit Varmárskóla er athyglisvert í ljósi þess að það er sett upp sem „top down – bottom up“ stjórnun, skólastjórar eru neðstir en nemendur og kennarar eru efstir. Þessa uppsetningu skipurits er fremur óvenjulegt að sjá í grunnskólum en hún gefur til kynna að skólastjórar líti svo á að stjórnendur séu í því hlutverki að hlúa að framlínu skólastarfsins,

kennurum og nemendum, tryggja þeim aðföng og bjargar. Í ritinu er einungis gerð grein fyrir röðun starfsmanna skólans en ekki getið um skólanefnd, fræðslustjóra né skólaráð.

Frá árinu 2007 hafa starfað tveir jafngildir skólastjórar við Varmárskóla þær Þórhildur Elfarsdóttir og Þórunn Rósa Ólafsdóttir. Í starfslýsingu þeirra kemur fram að þær skuli bera rekstarlega og faglega ábyrgð á starfi skólans sbr. gildandi grunnskólalög. Ákveðin verkaskipting er hjá skólastjórunum í daglegu starfi þeirra þar sem þær eru með skrifstofur sínar sitt í hvoru skólahúsinu og sinna því daglegri stjórnun hvor í sínu húsi þ.e. önnur í yngri deild 1.–6. bekk ásamt leikskóladeild en hin í eldri deild 7.–10. bekk. Þetta fyrirkomulag veldur hugarfarslegri verkaskiptingu skólastjóra hjá starfsfólki og kennurum sem jafnvel að einhverju leyti líta á þær sem skólastjóra á yngra- og eldra stigi. Það kom skýrt fram hjá skólastjórunum sjálfum að þrátt fyrir ákveðna verkaskiptingu innan skólans líta þær á sig sem eitt stjórnunarteymi með sameiginlega ábyrgð.

Varmárskóli er einn af þremur starfandi grunnskólum í Mosfellsbæ, heimangönguskóli með 259 nemendur sem eiga rétt á skólaakstri úr dreifbýli sveitarfélagsins. Þessu til viðbótar eru 24 börn sem búa efst í Ásunum sem oft fá skólaakstur þó svo að þau eigi ekki rétt á honum. Leikskóladeildin við Varmárskóla sem fyrr er nefnd og hefur starfað í þrjú ár var hugsuð fyrir 5 ára nemendur til að foreldrar gætu valið að tengja börn sín grunnskólanum einu ári fyrr en ella. Þegar ljóst var að ekki yrði næg aðsókn að leikskóladeildinni haustið 2010 var ákveðið að stíga það skref að ráða verkefnisstjóra að leikskóladeildinni til að brúa bilið milli leik- og grunnskóla með því að fara í samstarf við þrjá leikskóla um aðlögun að grunnskólum Mosfellsbæjar. Fram kom í máli hagsmunaaðila að það væri umhugsunarefni hvernig hægt væri að standa að hlutlausum kynningum á nýbreytni sem þessari.

Hvað varðar fjármál Varmárskóla hafa skólastjórar sett sér það markmið að reka skólann innan fjárheimilda. Árlega fær Varmárskóli úthlutað fé til reksturs samkvæmt reiknilíkani þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis. Í máli forstöðumanns fræðsluviðs Mosfellsbæjar kom fram að meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum Mosfellsbæjar væri með því lægsta sem gerist á landinu.

Samkvæmt grunnskólalögum starfar skólaráð við skólann. Skólaráð er skipað með eftirfarandi hætti:

- Skólastjórar Varmárskóla
- Tveir fulltrúar foreldra
- Tveir fulltrúar kennara
- Einn fulltrúi annars starfsfólks
- Tveir fulltrúar nemenda
- Einn fulltrúi frá félagsmiðstöðinni Bólinu (fyrstu tvö árin var fulltrúinn skipaður af félagi skáta í Mosfellsbæ).

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að skólaráð skuli skipað 9 einstaklingum, skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum foreldra, tveimur fulltrúum nemenda og einum fulltrúa grenndarsamfélags. Í Varmárskóla eru fulltrúarnir tíu þar sem skólastjórnir eru tveir og vegur atkvæði þeirra því tvöfalt í ráðinu og breytir þannig að einhverju leyti væginu sem lög setja milli starfsmanna skóla og hins ytra samfélags og nemenda.

Á heimasíðu undir flípanum „*Til foreldra*“ er skólaráðið að finna. Starfsáætlun skólaráðs er í vinnslu og var farið yfir drög að henni á fundi ráðsins 18. október sbr. fundargerð. Enn sem komið er er einungis vísað til starfssviðs eins og það kemur fram í 8. grein gildandi grunnskólalaga. Einnig er að finna á heimasíðunni áætlun um fundi ráðsins og fundarefni. Fundargerð af fundi sem vera átti í skólaráðinu 22. nóvember sbr. birta fundaráætlun er ekki komin inn á heimasíðu 8.des. Fram kom í viðtali við skólastjóra Varmárskóla að skólaráðið hefði fundað u.þ.b. mánaðarlega sl. vetur.

Lög og reglugerðir

Mikið umbótastarf er unnið í Varmárskóla. Verður ekki annað séð en stjórnendum hafi tekist vel við innleiðslu nýrra grunnskólalaga og að þau séu grundvöllur þess umbótastarfs sem unnið er í skólanum. Fram kom í viðtölum við hagsmunaaðila að starfsfólk skólans væri almennt meðvitað um nýleg grunnskólalög, námskrár og aðrar reglugerðir. Það væri m.a. vinna þeirra þessar vikurnar og mánuði að innleiða nýleg lög og reglugerðir.

Það kom fram í viðtölum við hagsmunaaðila að kreppan birtist í skólahaldi í Mosfellsbæ líkt og víðar á landinu. Frá hendi sveitarfélagsins er krafa um sparnað og haustið 2009 var tímum fækkað í 1.–4. bekk um 5 kennslustundir á viku. Það var nokkuð ljóst að áður nefnd fækkun kennslustunda ein og sér dygði ekki og uppi var krafa um meiri sparnað. Skólinn og stjórnendur hans fengu það verkefni að leita leiða að sparnaði í rekstri. Stjórnendur skólans voru ánægðir með þessi vinnubrögð bæjarstjórnar og fullyrtu að þær hefðu náð fram sparnaði í rekstri skólans eftir ýmsum leiðum. Sem dæmi um sparnað nefndu þær að einn af ráðnum deildarstjórum væri í námsleyfi á skólaárinu og að ekki hefði verið ráðið í hans stað heldur hafi stjórnendur skipt starfi hans með sér og þannig sparað umtalsverða fjárupphæð. Fleira var nefnt og að margt smátt geri eitt stórt.

Aftur á móti fengu skýrsluhöfundar þau svör við spurningunni um meiri sparnað næstu misserin að ekki væri mikið svigrúm eftir til að hagræða meira í rekstri skólans án þess að grípa þyrfti til alvarlegri ráðstafana sem gætu komið til með að bitna á skólastarfinu með afgerandi hætti.

Ytri tengsl

Að mati hagsmunaaðila sem skýrsluhöfundar áttu viðtöl við nýtur Varmárskóli almenns velvilja í samfélaginu og það er skoðun þeirra að talað er um skólann sem góðan skóla. Í foreldrakönnun frá í febrúar 2010 svara foreldrar fullyrðingunni „Ég myndi óhikað mæla með skólanum við aðra foreldra“ (Varmárskóli. 2010). Samanlagt segjast 86% af svarendum geta mælt með Varmárskóla við aðra foreldra.

Mikið samstarf er við leikskóla bæjarins þar sem 58 fimm ára börn þriggja leikskóla fara kerfisbundið í leikskóladeild Varmárskóla á skólaárinu. Frístundasel „Selið“ er heilsdagsskóli fyrir fjóra yngstu árganga skólans. Skólastjórar Varmárskóla bera rekstrar- og faglega ábyrgð á starfsemi Selsins. Selið er styrk stoð fyrir fjölskyldur bæjarfélagsins og t.d. fara nemendur úr því í margskonar íþróttatíma á vegum íþróttafélaga.

Mikið samstarf er við Framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Einnig er samstarf við Borgarholtsskóla og Fjölbautaskólann í Ármúla. Samstarf er við æskulýðsfélög Mosfellsbæjar og var fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráði fyrir næstu tvö ár valinn úr æskulýðsstarfinu þ.e. úr Félagsmiðstöðinni Bólinu en sl. tvö ár hefur fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráði komið frá félagi skáta í Mosfellsbæ. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar er með starfsstöð í Varmárskóla og starfar hún í nánnum tengslum við skólann. Skólahljómsveitin starfar í tveimur deildum, yngri- og eldri deild.

Starfsandi og skólabragur

Varmárskóli er í vissum skilningi tvær stofnanir sem báðar lúta einni yfirstjórn sem sameinast í tveimur skólastjórum. Annars vegar er það yngri deild skólans í gamla Varmárskóla (1.–6. bekkur ásamt leikskóladeild) og hins vegar er það eldri deild skólans sem er til húsa í fyrrum Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar.

Að koma inn í skólana hvorn fyrir sig er svo gjörólíkt að vart er hægt að hugsa sér að um sömu stofnun sé að ræða. Þegar betur er að gáð virðist mismunurinn nær einvörðungu felast í húsnaðinu, aldursmuni nemenda og að einhverju leyti í námsfyrirkomulagi þeirra. Í báðum byggingunum gefur að líta glaða nemendur og andrúmsloftið er bland af glaðværd, vinnusemi

og metnaði. Það sama má segja um starfsfólk sem skýrsluhöfundar sáu við vinnu að því viðbættu að samskipti þeirra við nemendur voru afslöppuð og eðlileg. Ef það segir eitthvað meira um skólabrag og starfsanda í Varmárskóla þá muna skýrsluhöfundar nær einvörðungu eftir glöðum nemendum á kynnisferð sinni um skólann hvort sem var þegar borðað var í hádegi í matsal eða þar sem litið var inn í kennslustofur.

Gaman var að sjá hvernig kennarar sem voru á gangavakt í hádegi tóku til hendi í matsal. Kennarar virðast því ganga í verk þar sem þeir sjá að þeirra er þörf en ekki uppteknir af því hvað heyrir hverjum til.

Aðbúnaður

Skólahúsnæði er gott þó að nokkuð vanti upp á ýmsa hluti. Það sem helst er kallað eftir er að fá tengibyggingu milli skólanna. Búið er að afmarka reit fyrir tengibyggingu og þarfagreiningu fór fram með arkitektum en lokateikningar eru ekki tilbúnar.

Í Varmárskóla er gott mötuneyti sem býður nemendum skólans upp á ávexti á morgnana og í hádeginu er boðið upp á góðan heitan mat samkvæmt útgefnum matseðli. Aðstaða í mötuneyti og matsal í húsi eldri deildar er góð en mætti gjarnan vera stærri. Nemendur 1.-3. bekkjar og leikskóladeild fá þjónustu frá mötuneyti skólans og er maturinn eldaður í mötuneytiseldhúsinu og fluttur yfir í húsnæði yngri deildar þar sem nemendur deildarinnar matast.

Við skólann er búið að koma upp frábæru útikennslusvæði við Varmá sem er í næsta nágrenni við skólann. Útikennslusvæðið er enn verið að þróa.

Öryggisnefnd, sem skipa skal skv. vinnuverndarlögum, er til við Varmárskóla en ekkert er að finna um hana á heimasíðu. Ekki er heldur að finna á heimasíðunni öryggisáætlun fyrir skólann skv. vinnuverndarlögum.

Samantekt og mat

Áherslur og stefna Varmárskóla byggja á gildum Mosfellsbæjar og skólastefnu sveitarfélagsins. Við mótun skólastefnu sveitarfélagsins var sett upp mjög lýðræðislegt ferli til að ná fram skoðunum sem flestra aðila. Það vekur athygli hvernig reynt var að laða fram skoðanir og hugmyndir barna og unglunga um það hvað væri góður skóli við gerð skólastefnunnar „*að hlusta á raddir barna*“ (Mosfellsbær, 2010). Skýrsluhöfundar gera sér grein fyrir því að í skóla sem hefur starfað í nær níu áratugi hafa orðið til margar hefðir og venjur. En þrátt fyrir að skólastarf í Varmárskóla standi á gömlum grunni er nokkuð ljóst að skólastjórar Varmárskóla eru greinilega vakandi yfir nýjum tækifærum og leiðum til umbóta í skólastarfi og ber allt starf í skólanum þess vitni.

Frá hausti 2007 hafa verið tveir jafngildir skólastjórar við Varmárskóla og hafa þeir starfað náið saman á þessum tíma. Í viðtölum við hagsmunaaðila kom fram að það er almenn sátt um fyrirkomulagið og það væri álit þeirra að fyrrnefnt stjórnunarmynstur hefði gefist vel. Það vakti athygli skýrsluhöfunda að hagsmunaaðilar nefndu það sem rök fyrir tveimur skólastjórum að skólinn væri í tveimur byggingum og að með þessu fyrirkomulagi hallaðist ekki á milli bygginga í stjórnun þ.e. milli yngri- og eldri deildar skólans eins og verið hefði á meðan aðeins einn skólastjóri var við skólann með sína skrifstofu í skólahúsi eldri deildar.

Ekki er að sjá neitt á heimasíðu skólans um öryggisnefnd né öryggisáætlun sem gera þarf skv. vinnuverndarlögum fyrir skóla og aðra vinnustaði – úr þessu þarf að bæta.

Verið er að móta starf skólaráðs með því að setja því starfsreglur. Ráðið er skipað samkvæmt lögum en fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráð kemur frá Félagsmiðstöðinni Bólinu en sl. tvö ár hefur fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráði komið frá félagi skáta í Mosfellsbæ. Finna þarf skólaráði stað í skipuriti skólans og á heimasíðu með það í huga að skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 skal skólaráðið vera samráðsvettvangur skólastjóra og

skólasamfélags um skólahald. Þótt skólaráð skipi tveir fulltrúar foreldra á ráðið ekki heima undir foreldrahlekk á heimasíðu skólans fremur en nemenda eða kennara en allir þessir aðilar eiga sína fulltrúa í skólaráði. Ráðið er hluti af stjórnkerfi skólans samanber reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla.

Vel hefur verið unnið í því að aðlaga starf og starfshætti í Varmárskóla að nýlegum grunnskólalögum og reglugerðum utan þess sem segir um skólaráð hér að ofan.

Skýrsluhöfundar spurðu fulltrúa foreldra um samstarf heimila og skóla bæði námslega og um önnur samskipti vegna nemenda. Foreldrar kváðust hafa gott aðgengi að þeim aðilum sem þeir þyrftu að ná sambandi við og alltaf væri brugðist vel við erindum og vandamál væru ekki látin bíða. Það kom skýrt fram að þeir tengdu vinnubrögð við að leysa úr vandamálum verkefninu Olweusi, sem er eineltisverkefni, sem skólinn er aðili að.

Skýrsluhöfundar eru sammála um að í Varmárskóla virðist starfsmannahópurinn vera samhentur um að Varmárskóli skuli standa meðal þeirra fremstu en í stefnu skólans segir m.a. (Mynd 3):

Stefnt er: að í Varmárskóla sé styrk liðsheild sem vinnur öll að sama markmiðinu – að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda þar sem gagnkvæm virðing og góð samskipti eru höfð að leiðarljósi.

Mynd 3: Úr stefnu Varmárskóla (Varmárskóli. 2010).

Tilvitnunin í skólastefnuna segir þó nokkuð um starfsanda og skólabrag.

Skólanámskrá

Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags

Í gildandi grunnskólalögum er grunnskólum gert að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun og er skólastjóri gerður ábyrgur fyrir gerð þeirra og skulu þær unnar í samráði við kennara (Mynd 4).

Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páska-leyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahlads.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Mynd 4: 29. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Ætlast er til að hver skóli birti stefnu sína með tvennum hætti. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þessari vinnu í samvinnu við starfsfólk skólans. Skólaráð skal fjalla um skólanámskrá og starfsáætlun. Í starfsáætlun eiga að vera upplýsingar sem eru breytilegar í skólastarfinu frá ári til árs en í skólanámskrá á að vera almenn stefnumörkun skólans. Á heimasíðu Varmárskóla er ekki að finna flipa þar sem á stendur starfsáætlun en á síðunni er flipi merktur skólanámskrá. Undir flipanum „Um skólann“ er hins vegar að finna ýmsar upplýsingar þ.á.m. starfsáætlun Mosfellsbæjar 2010 sem innheldur inniheldur starfsáætlun Varmárskóla. Í starfsáætluninni er stefna Varmárskóla kynnt og tengsl hennar við gildi Mosfellsbæjar eins og þau birtast í áætluninni. Auk þess er í áætluninni gerð grein fyrir verkefnum ársins og tengslum þeirra við meginstefnuáherslur, kynntar eru lykiltölur í fjármálum, viðmiðunarstundaskrá er kynnt auk skipurits skólans. Ekki er gerð grein fyrir skóladagatali né viðburðum í skólastarfinu, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi eins og lög kveða á um að vera skuli í starfsáætlun.

Skólanámskrá Varmárskóla er hægt að nálgast á vef skólans. Ef skólanámskrá eins og hún er kynnt á heimasíðu skólans er borin að lýsingu laganna á því hvað hún á að innibera, má sjá að nokkuð vantar á að hún uppfylli ákvæði þeirra. Í námskránni er að finna hlekk sem opnar aðalnámskrá grunnskóla. Þá er gerð grein fyrir stefnu Varmárskóla og síðan eru settar upp bekkjarnámskrár og fagnámskrár. Engin aðgengileg útfærsla er gerð á ákvæðum aðalnámskrár um starfshætti, mat á árangri og gæðum eða hvernig markmiðum aðalnámskrár um jafnrétti, lýðræði, mismunandi þarfir nemenda o.fl. verður mætt.

Birtingarform heimasíðunnar á skólanámskrá og starfsáætlun uppfyllir ekki að mati skýrsluhöfunda ákvæði grunnskólalaga 91/2008 um aðgengi aðila skólasamfélags að starfsáætlun og skólanámskrá né uppsetningu þeirra. Skýrsluhöfundar vilja taka fram að á heimasíðunni er að finna margt eða flest af því sem krafa er gerð um að standi í starfsáætlun og skólanámsskrá en það er full þörf á að fara yfir skipulag síðunnar hvað þetta varðar.

Sérstakar áherslur skólans

Gildi Mosfellsbæjar eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Varmárskóli hefur gert gildi bæjarfélagsins að sínum og fellt þau að skólastefnu sinni. Auk fyrrnefndra gilda má lesa fjögur önnur áhersluatriði út úr skólastefnu Varmárskóla.

- Að blanda nemendum 5. bekkjar saman í nýja bekki. Við það byrja allir nemendur í 5. bekk með nýtt upphaf.
- Mikil áhersla er lögð á að skapa hvetjandi og þroskandi námsumhverfi þar sem leitast er við að koma til móts við einstaklinginn á hans forsendum og efla með honum áhuga á námi og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Eitt helsta verkefni Varmárskóla sl. tvö ár er útinám sem byggir á heilbrigðu líferni og sjálfbærri þróun. Við skólann er komið útikennslusvæði sem er í stöðugri þróun.
- Ávallt er leitast við að eiga gott samstarf við foreldra enda eru þeir sérfræðingar sinna barna. Í gegn um skólaráð fá foreldrar tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri um skólastarfið.

Aðrar áherslur

Aðrar áherslur í starfi skólans er að finna í skólastefnu Varmárskóla 2010. Við lestur þeirra má finna þann þann mikla kraft og þróunarvilja sem virðist einkenna allt starf Varmárskóla (Mynd 5).

- að í Varmárskóla sé styrk liðsheild sem vinnur öll að sama markmiðinu ...
- að í Varmárskóla sé námsumhverfi nemenda hvetjandi og líðan og þarfir nemenda í brennidepli ...
- að Varmárskóli verði leiðandi í útikennslu, heilsueflingu og lýðheilsu í Mosfellsbæ...
- að Varmárskóli verði leiðandi í fjölbreyttum kennsluháttum.
- að Varmárskóli leggi áherslu á öflugna list- og verkgreinakennslu þannig ...
- skólinn væntir samstarfs við heimilin um „uppeldi til ábyrgðar“ þar sem réttindi og skyldur haldast í hendur ...
- að efla samhygð, samkennd og umburðarlyndi meðal nemenda, starfsmanna og foreldra og halda uppi öflugna forvarnarstarfi til að fyrirbyggja einelti og annað ofbeldi. ...

Mynd 5: Nokkur af mörgum áhersluatriðum Varmárskóla (Varmárskóli, 2010).

Kennsla

Í stefnu Varmárskóla frá 20.06.2010 er kveðið á um það fyrir hvað skólinn skal standa í kennslu og námi nemenda. Í stefnunni er lagt upp með að skapa námsumhverfi sem sé hvetjandi og þroskandi. Leitast skal við að koma til móts við einstaklinginn á hans forsendum og efla með honum áhuga á námi, samvinnu og sjálfstæði í vinnubrögðum. Horfa skal á árganginn í heild við skipulagningu kennslunnar. Einnig er mikið lagt upp úr því að kennarar séu með fjölbreytta kennsluhætti og á þemadögum er skipt í námshópa þvert á árganga.

Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir alla námshópa. Þær eru ýtarlegar og flestar vel úr garði gerðar, en huga mætti betur að samræmingu í framsetningu og útliti. Vel er hugað um nemendur með frávík frá námi. Í mörgum tilvikum fá þessir nemendur einstaklingsnámskrá og er þeim boðið upp á ýmis sérúrræði s.s. að skrá sig í námsver skólans í eldri deild þar sem unnið er með litla bekki. Mikið er lagt upp úr því að nemendur með frávík hafi mikið um það að segja hvaða þjónustu þeir fái t.d. hvort þeir skrái sig í námsver og fái stuðning þar eða inni í bekkjum eða í námshópum.

Í lögum um grunnskóla 91/2008 er kveðið á um hver vikulegur kennslutími hvers nemanda skuli vera. Í 1.–4. bekk segir að hver nemandi skuli fá 1.200 mínútur að lágmarki, í 5.–7. bekk 1.400 mínútur og í 8.–10. bekk 1.480 mínútur. Í lögnum segir enn fremur að skólastjóri ákveði nánari útfærslu kennslutímans í samráði við skólaráð.

Þegar bornar eru saman tölur um heildartímamagn til kennslu fyrir Varmárskóla úr starfsáætlun Mosfellsbæjar starfsárið 2010 verður ekki annað séð en sveitarfélagið standi fyllilega við þær lágmarkstölur sem grunnskólalög gera ráð fyrir sem lágmark kennslustunda á aldursárganga. Til viðbótar gerir starfsáætlunin ráð fyrir 309 kennslustundum í skiptistundir auk 300 kennslustunda til sérkennslu og í aðra sértæka þjónustu við nemendur.

Í yngri deild er mikið unnið með árganga. Lýðræði í námi í yngri deild kemur fram í því að nemendur geta valið viðfangsefni í námshópum og einnig valið smíðjur þar sem blöndun er milli árganga. Í eldri deild skólans í 7.–10. bekk er greinakennsla þar sem hver árgangur er grunneining og hverjum árgangi er skipt upp í námshópa eftir greinum. Lýðræði í námi í eldri deild birtist í námsvali nemenda 9 kennslustundir á viku. Mjög fjölbreytt val er í 9. og 10. árgangi. Í 7. og 8. árgangi er boðið upp á fjölbreyttar verkgreinarúllur með tónlist, útivist, útikennslu ásamt hefðbundnum verkgreinum.

Í íþróttum bæði í yngri- og eldri deild fer einn árgangur í einu til íþróttakennara þar sem nemendum er skipt í hópa; rauður, gulur, grænn o.s.frv. Ein vika í sundi og þrjár í sal. Ef unnið er með árganginn saman hafa nemendur meira val um féлага og þá er einnig tækifæri til að brjóta upp óæskilegt munstur í námshópum.

Hér að neðan eru nokkrar mikilvægar markmiðssetningar úr skólastefnunni er varða kennsluna í skólanum:

- að Varmárskóli leggi áherslu á öfluga þróun kennsluhátta á yngsta stigi þar sem fléttað er inn starfi fimm ára deildar og framþróunar heilsdagsskóla með það að markmiði að bjóða upp á fyrsta flokks þjónustu, fjölbreytileika og markvissa samvinnun íþróttar og tómsunda í vikuskipulagi nemenda.
- að Varmárskóli þróa áfram öfluga unglingsdeild sem hvetur nemendur til að leita sér upplýsinga og nýta við sem fjölbreyttastar aðstæður og gefi þeim kost á margvíslegum námsframboðum
- að Varmárskóli verði leiðandi í útikennslu, heilsueflingu og lýðheilsu í Mosfellsbæ og nýti umhverfi skólans í þá átt. Einstaklingurinn verði alltaf í fyrirrúmi og líðan hans og velferð höfð að leiðarljósi
- að Varmárskóli leggi áherslu á öfluga list- og verkgreinakennslu þannig að nemendur fái að njóta sín sem best og nái að virkja frumkvæði, hugvit og sköpunargáfu.

Tengsl skólastiga

Í stefnu Varmárskóla er getið um að miklar breytingar hafi orðið í Mosfellsbæ undanfarin ár m.a. í nýjum menntunartækifærum sem felast í Krikaskóla (sem er leik- og grunnskóli upp í 4. bekk) og Framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Sérstök áhersla er lögð á það í stefnunni að Varmárskóli sé vakandi yfir þeim þörfum sem vakna í nemendahópnum á hverjum tíma fyrir sig og sé tilbúinn til að endurskoða stefnu sína reglulega. Í stefnunni er gert ráð fyrir því að taka við nemendum úr Krikaskóla í 5. bekk og hefur skólinn gert drög að því hvernig best sé að taka á móti þeim. Það skal gert með því að blanda nemendum saman í nýja bekk í fimmta bekk og við það byrja allir nemendur með nýtt upphaf. Helstu ástæður skólans fyrir því að endurraða árgangi reglulega í bekk má nefna:

- ✓ gefa nemendum kost á að kynnast betur innan árgangsins
- ✓ koma í veg fyrir að ákveðnir nemendur festist í hlutverkum innan bekkjarins

- ✓ læra að vinna saman með breiðum hópi úr árganginum
- ✓ bjóða nýja nemendur velkomna á jafningjagrundvelli

Í leikskóladeild Varmárskóla er lögð áhersla á að brúa bilið milli leik- og grunnskóla. Nálægt 60 leikskólanemendur fara í gegn um leikskóladeildina á hverjum vetri í 10–12 barna hópum. Hver hópur fær um 15 daga í leikskóladeildinni yfir veturinn sem skiptist niður í þrjár heimsóknir. Einn leikskólakennari fylgir með hópnum hverju sinni. Námið er hefðbundið leikskólastarf sem að miklu leyti er skipulagt í útikennslu þar sem nemendum hópsins er kennt á náttúruna og umhverfi Varmárskóla. Tvisvar í viku er hópnum síðan blandað í smiðjur/vinnu með 1. og 2. bekk. Auk þessa er unnið með PALS samvinnunám í lestri með leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar.

Tengsl Varmárskóla og nálægra framhaldsskóla eru umtalsverð. Samstarf er við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ um valáfanga á eldra stigi og einnig við Borgarholtsskóla og Fjölbrautaskólann í Ármúla. Afburðanemendur eiga þess einnig kost að taka framhaldsskólaáfangu meðfram námi sínu í grunnskólanum.

Þrátt fyrir mikið samstarf við nálæga framhaldsskóla er ekki getið um tengsl við þá í stefnu Varmárskóla utan það að í stefnunni segir að Varmárskóli sé vakandi yfir þeim þörfum sem vakna í nemendahópnum á hverjum tíma fyrir sig og sé tilbúinn til að endurskoða stefnu sína reglulega.

Námsmat

Í gildandi grunnskólalögum 27. grein um námsmat segir (Mynd 6):

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett fram í aðalnámskrá grunnskóla

Mynd 6: Um námsmat (lög um grunnskóla. 2008)

Í stefnu Varmárskóla er talað um námsmat í viðum skilningi og að það skuli taka tillit til hæfni einstaklingsins um leið og stefnt er á góðan alhliða námsárangur. Í skólanámskránni er ekki kveðið sérstaklega á um stefnu Varmárskóla í námsmati. Aftur á móti er mjög skýrt kveðið á um námsmat í námsáætlunum nemenda í hverri grein fyrir sig.

Í almennum hluta aðalnámskrár frá 2006 segir (Mynd 7):

Námsmat á að veita nemendum og foreldrum og forráðamönnum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Mynd 7: Upplýsingar um námsgengi (Aðalnámskrá grunnskóla. 2006)

Í Handbók Varmárskóla 2009–2010, er nokkuð ýtarlegur kafli á bls. 21 um námsmat. Í kaflanum kemur fram að símat fer fram í öllum bekkjum allan veturinn. Símatið byggir á vinnu og frammistöðu nemenda. Meta skal framfarir, virkni, verkefnaskil, hegðun og heimanám o.fl. Einnig er nemendum gert að setja sér markmið og stunda jafningja- og sjálfsmat. Lögð eru fyrir próf/matsverkefni til að nemandinn og kennari fái betur áttáð sig á stöðu nemandans og eða námshópsins. Að lokum er þess getið að deildar- og fagstjórar samræma námsmat í hverjum árgangi.

Ef skoðaðar eru niðurstöður samræmdra prófa má sjá að árangur Varmárskóla hefur verið mjög góður á síðastliðnum 6 árum hvort sem horft er til normaldreifðra einkunna eða framfarastuðla Námsmatsstofnunar. Normaldreifðar einkunnir eru á skalanum 0–60 og landsmeðaltal því 30 (Tölur 3 og 4).

Tafla 3: Árangur Varmárskóla á samræmdum prófum í 4. bekk 2005–2010.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Öll árin
Íslenska	33,1	32,5	32,5	32,3	30,3	31,3	32,0
Stærðfr.	34,2	32,4	33,0	32,7	31,1	31,8	32,5

Í töflu 3 má sjá að meðalárangur árunna 2005–2010 í 4. bekk er tveimur stigum yfir landsmeðaltali í íslensku og tveimur og hálfu stigi yfir landsmeðaltali í stærðfræði. Öll árin hefur skólin verið yfir landsmeðaltali normaldreifðar einkunnar í 4. bekk. Auk normaldreifðar einkunnar reiknar Námsmatsstofnun framfarastuðul út frá einkunnum nemenda á tveimur samræmdum prófum. Honum er ætlað að gefa vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því er árgangurinn þreytti samræmd próf fyrir á námsferlinum, milli 4. og 7. bekkjar og 7. og 10. bekkjar. Framfarastuðullinn 0,99–1,01 þýðir venjulegar framfarir. Stuðullinn þar fyrir neðan merkir litlar framfarir eða jafnvel að viðkomandi dregst aftur úr, en stuðlar ofan við 1,01 merkja framfarir í hærri kanti eða miklar framfarir (Karl Fannar Guðmundsson, 2010)¹ (Tafla 4)

Tafla 4: Framfarastuðlar og normaldreifðar einkunnir Varmárskóla 2005–2010.

Varmárskóli									
Ár	Ísl. 7. bekk		Stærðfr. 7. bekk		Ísl. 10. bekk		Stærðfr. 10. bekk		
	Fr.st.	Norm	Fr.st.	Norm	Fr.st.	Norm	Fr.st.	Norm	
2005	1,01	31,54	1,02	31,02	0,99	31,49	1,03	32,40	
2006	1,02	30,90	1,01	29,21	1,03	31,62	1,04	32,15	
2007	1,03	32,20	1,00	31,70	1,01	31,39	1,00	31,70	
2008	1,04	34,84	0,98	32,30	1,04	30,43	1,03	31,25	
2009	1,00	33,21	1,04	35,24	0,99	28,66	1,01	29,66	
2010	0,99	30,8	0,98	31,4	1,00	30,5	0,99	31,0	
Samtals	1,01	31,9	1,01	31,5	1,01	31,0	1,02	31,2	

Eins og sjá má í töflu 4 hefur skólinn verið yfir landsmeðaltali í 7. og 10. bekk í öllum mælingum nema tveimur á þessum sex árum. Og þegar horft er til framfarastuðuls má sjá að skólinn hefur skilað nemendum eðlilegum framförum eða framförum í hærri kanti öll árin.

Í viðtölum við hagsmunaaðila kom fram að í Varmárskóla er skipulega unnið með niðurstöður samræmdra könnunarprófa, PISA og fleiri kannana.

Val í námi.

Í skólanámskrá undir flípanum „Val í 9. og 10. bekk“ koma aðeins upp 11 námsgreinar sem boðið er upp á í vali fyrir bæði kyn. Aftur á móti er gefin út „Valbók“ fyrir 9. og 10. bekk frá því í apríl 2010. Í Valbókinni kemur fram að reynt sé að hafa valmöguleika nemenda í 9. og 10. bekk eins fjölbreytta og kostur með það að markmiði að koma til móts við nemendur Varmárskóla um að auka einstaklingsmiðað nám (Mynd 8 8).

- Valgreinar eru fjölmargar svo sem tungumál, íþróttir, verkmennta- og listgreinar. Nemendur geta valið sér námsefni úr þessum greinum eftir áhugasviði og námslegum áherslum.

¹ Karl Fannar Gunnarsson. (2010). Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2010. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

- Nemendur er sækja viðurkennda listaskóla eða eru að æfa einhverja íþrótt 4-5 sinnum í vikugeta fengið nám sitt þar metið sem valgrein.
- Kennsla í valgreinum er alltaf háð því að nægilegur nemenda fjöldi sé fyrir hendi til að hægt sé að halda uppi kennslu í greininni.
- Undanfarin ár höfum við boðið uppá fjarnám í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Ármúla nemendum að kostnaðarlausu. Menntamálaráðuneytið hefur nú breytt styrkjum til framhaldsskólana og því óvíst um óbreytt ástand. Við ætlum þó að bjóða nemendum með afburða námsárangur að velja fjarnám í ensku, stærðfræði og dönsku. Þegar úrskurður kemur frá menntamálaráðuneytinu um kostnað munum við taka ákvörðun um þá kennslu.

Mynd 8: Um valáfanga í 9. og 10. bekk. (Varmárskóli. 2010)

Gert er ráð fyrir að 9 kennslustundir á viku í 9. og 10. bekk fari í kennslu valáfanganna sem eru nálægt 30 valmöguleikar.

Valáfangar eru:

- 14 hálfársáfangar
- 7 heilsársáfangar
- 5 hálfársáfangar í Lágafellsskóla
- Auk þessa er boðið upp á heilsársáfanga í málsmíði í Borgarholtsskóla 3 kest. á viku. Einnig er boðið upp á fjarnám við FÁ 3 hálfársáfanga 3 kest. á viku sem getið er hér að ofan.

Skólaþróun.

Útinám, heilbriggt lífverni og sjálfbær þróun hefur verið helsta verkefni skólans undanfarin tvö ár. Við skólann er komið útikennslusvæði sem er í stöðugri þróun. Í stefnu skólans er þess getið að skólinn taki þátt í þremur eftirtöldum verkefnum.

Comeniusarverkefni þar sem unnið er með HJARTA (tilfinningar), HÖNDUM (vinna úti) og HUGA (bóklegt). Verkefnið er tengt heilsu og útinámi og er frábær viðbót við áframhaldandi þróun skólans í þessum málum.

Comeniusarverkefni, „Communication in an Art“ byggir á að efla færni og samskipti milli nemenda í sex Evrópulöndum, Spáni, Tyrklandi, Póllandi, Svíþjóð, Þýskalandi og Íslandi.

Nordplus junior ber heitið, „Start With your self“ en það tekur á þáttum tengdum umhverfi og náttúru.

Í skólanámskrá Varmárskóla undir flípanum „Þróunarverkefni“ er að finna lýsingu á fimm þróunarverkefnum sem unnið er að í skólanum auk þeirrar þróunar sem greinileg er í skólstarfinu og skólastefnan kallar á að unnin séu.

Sameinuð stöndum við tengist heimilisfræðikennslu 6. bekkjar og hefur skólinn hlotið fjárstyrk úr Sprotasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að vinna að fjölpættu þróunarverkefni skólaárið 2010-2011. Markmið verkefnisins er að skapa aðstæður fyrir nemendur til að læra að njóta, virða og vernda umhverfi sitt og þróa þekkingu og færni til lýðræðislegrar þátttöku í þágu sjálfbærrar þróunar.

Bærinn okkar - betri bær og allir með er þróunarverkefni um útinám, mótun útikennslusvæðis við Varmárskóla og áherslur á umhverfi og menntun til sjálfbærrar þróunar í starfi skólans. Markmið verkefnisins er að skapa aðstæður fyrir nemendur til að læra að njóta,

virða og vernda umhverfi sitt og þróa þekkingu og færni til lýðræðislegrar þátttöku í þágu sjálfbærrar þróunar. 2008-09

Að starfa saman í leik- og skóla er gaman. Kennarar vildu gera breytingar á starfi yngstu nemendanna. Við höfðum aukið val og nám í gegnum leik en stefndum að því að þróa það enn frekar. Markmið verkefnisins er að mynda samfellu á milli leik- og grunnskóla og leita allra leiða til að auka fjölbreytni í námi. Að gefa öllum nemendum tækifæri til að læra í gegnum leik með gleðina að leiðarljósi. 2007

Íþróttir fyrir alla er samstarfsverkefni eldri deildar Varmárskóla og ELDINGAR – LÍKAMSRÆKTAR. Markmið verkefnisins er að auka ástundun, áhuga og virkni hjá þeim nemendum sem ekki finna sig í hefðbundnum skólaíþróttum (hvort sem það er af líkamlegum, andlegum eða félagslegum ástæðum). að auka og styrkja sjálfsmynd nemenda með aukinni hreyfingu og breyttu viðhorfi til hreyfingar. að koma til móts við þá nemendur sem þurfa á sértækri aðstoð að halda með einstaklingsmiðuðum æfingum; við hæfi og getu hvers og eins.

Nám á nýrri öld er rafrænt námsmat - einstaklingsmiðað nám - upplýsingatækni í kennslu með áherslu á tungumál. Markmið verkefnisins er að aðlaga og þróa nýjar námsleiðir í tungumálakennslu (dönsku) og þróa rafrænar námsmöppur fyrir hvern nemanda á vef. Námsfnið og námsmatið aðlagað að þörfum hvers og eins og tölvutæknin nýtt. Verkefni þau er lögð verða fyrir nemendur eru byggð á hugmyndafræði Howards Garnders unnið eftir útfærslu McKenzies. Meginmarkmiðið er að efla getu og og hæfileika hvers og eins til að nema og byggja á eigin styrkleikum.

Samantekt og mat.

Fylgja þarf gildandi grunnskólalögum hvað varðar gerð og innihald skólanámskrár og starfsáætlunar. Ætlast er til að hver skóli birti stefnu sína með tvennum hætti. Í drögum að aðalnámskrá er lýsing á því að almenn stefnumörkun á að vera í skólanámskrá en í starfsáætlun eiga að vera upplýsingar sem eru breytilegar í skólastarfinu frá ári til árs. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þessari vinnu í samvinnu við kennara og aðra starfsmenn. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins. Á heimasíðu Varmárskóla er ekki að finna flípa þar sem á stendur starfsáætlun en á síðunni er flípi sem á stendur skólanámskrá. Undir flípanum „Um skólann“ er að finna ýmsar upplýsingar þ.á.m. starfsáætlum Mosfellsbæjar sem innheldur m.a skólastefnu Varmárskóla. Birtingarform heimasíðunnar á skólanámskrá og starfsáætlun uppfyllir ekki að mati skýrsluhöfunda ákvæði grunnskólalaga 91/2008 um aðgengi aðila skólasamfélags að starfsáætlun og skólanámskrá né uppsetningu þeirra. Skýrsluhöfundar vilja taka fram að á heimasíðunni er að finna margt eða flest af því sem krafa er gerð um að standi í starfsáætlun og skólanámsskrá en það er full þörf á að fara yfir skipulag heimasíðunnar hvað þetta varðar.

Lýðræði í starfi Varmárskóla kemur fram í námi nemenda þar sem þeir geta sett fram sínar skoðanir og með því haft áhrif á sitt daglega starf (þó misjafnt eftir kennurum sbr. viðtöl við hagsmunaaðila). Nemendur elstu bekkja eru virkir í nemendaráði skólans þar sem stjórnendur o.fl. leggja mál fyrir nemendur til að fá fram skoðanir þeirra áður en ákvarðanir eru teknar í ákveðnum málum. Einnig eru nemendur aðilar að skólaráði. Jafnréttisáætlun er til við skólann og stenst hún skoðun. Leitast er við að tryggja mannréttindi og sjálfbærni til náms í námsskipulagi og starfsháttum Varmárskóla.

Það er mat skýrsluhöfunda að kennslan í Varmárskóla sé í samræmi við stefnu skólans í kennslu og útgefnar kennsluáætlanir. Samstarf kennara er umtalsvert s.s. á yngsta stigi, í íþróttum og víðar. Í eldri deild þar sem greinakennsla er viðhöfð og horft á árganginn sem námseiningu fullyrða hagsmunaaðilar í viðtölum að mikið samstarf sé um skipulagningu og undirbúning kennslunnar frekar en um kennsluna sjálfa. Skýrsluhöfundar meta það svo að áhersla skólans á læsi í víðum skilningi skili sér í árangri nemenda og vilja benda á í því

sambandi útkomu skólans í samræmdum prófum. Mikið er unnið með nemendalýðræði og jafnrétti í öllum skólanum og eru tímar í stundaskrá einu sinni í viku til að styrkja þessa þætti.

Á myndum sem birtar eru á heimasíðu skólans úr kennslu og félagsstarfi má sjá glaða nemendur að starfi sem gefur nokkuð góða mynd af því hvernig til tekst með starfið og kennsluna í Varmárskóla.

Tengsl skólastiga leik-, grunn- og framhaldsskóli eru virk. Að brúa bilið milli leik- og grunnskóla endurspeglast í rekstri leikskóladeildar við Varmárskóla þar sem þrjár leikskólar senda nemendur í skipulagt nám. Skýrsluhöfundar taka undir það sem kom fram í viðtali við hagsmunaaðila að huga þarf mjög vel að hlutlausri kynningu meðal foreldra leikskólabarna á þeim möguleikum sem leikskóladeildin í Varmárskóla hefur að bjóða börnum í Mosfellsbæ.

Að brúa bilið milli grunn- og framhaldsskóla felst í samstarfi um aukið námsframboð fyrir nemendur á skilum skólastiganna. Það felur í sér talsvert samstarf Varmárskóla við framhaldsskóla eins og getið er hér að ofan í kaflanum „*Tengsl skólastiga*“. Það er mat skýrsluhöfunda að samstarfið við framhaldsskólann sé framsækið og metnaðarfullt sem þurfi að hlúa að og efla næstu árin.

Ekki verður annað séð en að námsmatið í Varmárskóla standist fyllilega fyrirmæli laga og reglugerða. Í viðtölum við hagsmunaaðila kom fram að almenn ánægja var með námsmatið og lítið um athugasemdir. Skýrsluhöfundum finnst þó vanta upp á að stefna Varmárskóla í námsmati komi skýrt fram í skólanámskrá skólans.

Í Varmárskóla er mjög fjölbreytt og metnaðarfullt val. Ekki verður annað séð en að valáfangar standist þær kröfur sem gerðar eru til jafnréttis kynja. Lýðræðislega er staðið að vali nemenda á valáföngum um leið og reynt er að verða við óskum nemenda sé þess nokkur kostur. Kennsla í valáföngum hverju sinni er alltaf háð nægilegum nemendafjölda og því ekki alltaf víst að nemandinn fái sitt fyrsta val. Skýrsluhöfundar benda á að ekki er samræmi á milli skólanámskrár Varmárskóla og Valbókar 9. og 10. bekkjar og að úr því þurfi að bæta.

Í Varmárskóla er mikil gerjun í skólastarfi og unnið að þróun skólastarf í víðum skilningi og mjög margt í gangi. Undir flípanum „Þróunarverkefni“ í Skólanámskrá Varmárskóla er ekki að finna öll þróunarverkefni síðustu ára og leggja skýrsluhöfundar til að úr því verði bætt.

Innra mat

Í 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um innra mat skóla (Mynd 9).

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólstarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Mynd 9: Hver grunnskóli metur... (Lög um grunnskóla. 2008)

Fyrirkomulag og framkvæmd (sjálfsmatskerfi – aðferð)

Í Varmárskóla er unnið að því að efla innra matið og koma innra matinu í fast form. Í sjálfsmatsteymi skólans sátu á síðastliðnu skólaári: einn deildarstjóri, annar skólastjórinn, sérkennari, einn umsjónarkennari í eldri deild og náms- og starfsráðgjafi. Teymið fundaði nokkrum sinnum yfir veturinn. Verkum var skipt niður, unnið var mikið í matsáætlun skólans og hvernig fulltrúar vildu þróa hana.

Á heimasíðu er að finna Sjálfsmatsáætlun Varmárskóla 2008–2012, stefnukort 2009–2010 og matsáætlun 2009–2010 (skorkort Varmárskóla). Matsáætlun 2009–2010 er sett upp í skorkort sem byggir á stefnukorti Varmárskóla 2009–2010. Í stefnukorti Varmárskóla eru sett fram meginmarkmið út frá fjórum meginþáttum sem eru þjónusta, fjármál, verklag og mannauður. Í skorkorti Varmárskóla eru kynnt verkefni út frá meginmarkmiðunum, einnig eru settar fram tímaáætlanir og ábyrgðaraðilar sem bera ábyrgð á hverju verkefni fyrir sig. Í nokkrum tilfellum er greint frá stöðu framkvæmda, greint frá mælikvörðum og kynnt viðmið skólans um árangur. Ekki er að finna á heimasíðu matsáætlun (skorkort) fyrir yfirstandandi skólaár.

Varmárskóli hefur notað Skólapúlsinn sem mælitæki frá hausti 2008 til þess að meta stöðu nemenda í ákveðnum þáttum (Mynd 10).

Skólapúlsinn er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast **virknir nemenda** og **líðan þeirra í skólanum** og um **skóla- og bekkjaranda**. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Í þáttökuskólunum er tæplega helmingur allra grunnskólanemenda í þessum bekkjum á landinu (Skólapúlsinn. 2010).

Mynd 10: Um Skólapúlsinn (Skólapúlsinn. 2010)

Vefkerfið er rekið af fyrirtækinu Skólapúlsinn ehf. Mánaðarlega svarar ákveðið úrtak nemenda úr 6.–10. bekk spurningum rafrænt. Skólastjórar hafa aðgang að vefsvæði þar sem niðurstöður liggja fyrir að lokinni hverri mælingu þegar 80% úrtaksins hafa svarað. Rýnt er reglulega í niðurstöður, þær kynntar hagsmunaaðilum og fjallað um niðurstöður á vettvangi skólans. Dæmi eru um að skólastjórar kalli eftir umbótaáætlunum frá kennurum í kjölfar þessarar rýni. Aðrar kannanir sem lagðar eru fyrir árlega samkvæmt sjálfsmatsáætlun 2008–2012 eru:

- Foreldrakannanir í tengslum við foreldraviðtöl í nóvember og febrúar (samkvæmt niðurstöðum á heimasíðu voru kannanir lagðar fyrir í janúar 2009 og febrúar 2010).
- Nemendakannanir í 4., 7. og 10. bekk í febrúar.
- Líðan á vinnustað, starfsmannakönnun í júní.

Auk þessara kannana leggur skólinn fyrir skimunarpróf af ýmsu tagi sem ekki falla beint undir sjálfsmat skólans og þá nýtast samræmd próf á ýmsan máta í sjálfsmati skólans. Í skýrslu námsráðgjafa til skólastjóra fyrir síðastliðið skólaár kemur fram að í sjálfsmatsáætlun skólans sé gert ráð fyrir að leggja tengslakannanir fyrir alla árganga í eldri deildinni tvisvar á skólaárinu. Niðurstöður tengslakannanna eru nýttar til að efla vinatengsl og bæta líðan nemenda. Umsjónarkennarar vinna síðan umbótaáætlanir á grundvelli niðurstaðna. Sett eru fram viðmið um árangur. Í lok skólaárs er tengslakönnun endurtekin, gerður samanburður á stöðunni og metið hvernig til tókst. Í skýrslu námsráðgjafanna kemur einnig fram að þeir lögðu fyrir Bendil áhugasviðskönnun í 10. bekk. Skýrsluhöfundar vilja benda á að tengslakannanirnar er ekki að finna í sjálfsmatsáætlun 2008–2012.

Aðspurðir sögðust skólastjórar vinna markvisst með niðurstöður samræmdra prófa. Deildarstjórar funda með kennurum strax eftir prófin, farið er yfir niðurstöður prófanna, hvort eitthvað er óeðlilegt eða hvað er eðlilegt, hvað hægt er að gera betur og hvaða áherslur ber að leggja. Í sjálfsmatsmöppu er að finna umbótaáætlanir fyrir 4., 7. og 10. bekk í kjölfar samræmdu prófanna. Áætlanirnar eru unnar af hverjum kennara fyrir sig, uppsetning og efnistöð eru mismunandi eftir greinum og kennurum. Að mati skýrsluhöfunda væri gott að setja upp form til þess að vinna umbótaáætlanirnar útfrá.

Í sjálfsmatsskýrslu 2010 er einnig minnst á niðurstöður úr eineltiskönnun Olweusar, nóvember 2009 sem gagnagrunn sem notaður er sem viðmið um matið. Varmárskóli tekur einnig þátt í ýmsum rannsóknum bæði innlendum og erlendum sem gerðar eru á íslensku skólastarfi.

Á heimasíðu skólans eru birtar niðurstöður eftirtalinnna kannana:

- Foreldrakönnun í febrúar 2010. Markmið þessarar könnunar var að skoða viðhorf forráðamanna nemenda við Varmárskóla og bera saman við mælingar frá sambærilegri könnun Reykjavíkurborgar frá 2008. Notast var við könnunarkerfið Outcome.
- Foreldrakönnun í janúar 2009.
- Niðurstöður úr Skólapúlsi – skólaárin 2009–2010 og 2008–2009 ásamt fyrstu niðurstöðum 2010–2011. Þátttakendur eru nemendur í 6.–10. bekk.

Hnappar eru á heimasíðu fyrir niðurstöður úr þremur eldri könnunum en síðurnar opnast ekki. Á heimasíðunni er einnig að finna viðmið skólans um árangur í lestri í 1.–6. bekk.

Í lögum og aðalnámskrá er gert ráð fyrir að skóli geri skýrslu um sjálfsmat sitt. Í aðalnámskrá segir að að þar þurfi að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans jafnframt því að þar komi fram tillögur um úrbætur sem byggðar eru á niðurstöðum úr matinu. Sjálfsmatsskýrsla Varmárskóla 2009–2010 er unnin af skólastjórunum ásamt einum kennara. Í inngangi skýrslunnar er stutt lýsing á skólanum þar sem koma fram upplýsingar um nemendafjölda, húsnæði og stjórnun skólans ásamt því að gerð er grein fyrir gildum og nokkrum áherslum í skólastarfinu. Þá er í inngangi greint frá ákvæðum laga um innra og ytra mat. Um sjálfsmatsaðferð skólans segir í inngangi að „sjálfsmatið byggir á virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á“ og að meginmarkmið sjálfsmats skólans sé „að skoða ákveðna þætti skólastarfsins skipulega“. Einnig kemur fram í inngangi að til viðmiðunar við matið séu notuð: lög og reglugerðir er lúta að skólastarfi og rekstri grunnskóla, skólastefna Mosfellsbæjar, starfsáætlun Varmárskóla, niðurstöður úr eineltiskönnun Olweusar nóvember 2009 og Skólapúslinn 2009–2010.“ Að öðru leyti er hvorki gerð grein fyrir aðferðum og framkvæmd matsins og hvergi í skýrslunni koma fram viðmið sem skólinn hefur sett sér hvað varðar einstaka þætti skólastarfsins.

Í framhaldi af inngangi er efni skýrslunnar sett fram í fjórum meginköflum, í þeim er fjallað um skólastarf, verklag, mannauð og fjármál. Þessir kaflar eru hver um sig lýsing á

markmiðum, vinnubrögðum og útfærslu skólans á þeim þáttum sem teknir eru fyrir. Í öllum tilvikum vantar að segja frá hvernig hver þáttur er metinn og þeim viðmiðum sem matið er miðað við. Sem dæmi má nefna að í kaflanum *Um nám og kennslu, aðgerðir til umbóta* kemur fram:

„að stjórnendur skólans telja nauðsynlegt að leita leiða til að auka skilvirkni og árangur í stærðfræði og íslensku og munu vinna markvisst að því í samstarfi við kennara á yngsta stigi að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda Varmárskóla“ (Sjálfsmatsskýrsla.2010, bls. 14).

Þegar hér er komið í skýrslunni hefur ekki verið greint frá neinum niðurstöðum sem hægt er að vísa í og ekkert kemur fram í skýrslunni um það hvernig þessir þættir eru mældir í sjálfsmatsferlinu. Nokkuð ber á ruglingi á notkun hugtakanna markmið, framkvæmd, mat og aðgerðir til umbóta. Matsskýrslan inniheldur fyrst og fremst lýsingar á skólastarfi Varmárskóla sem að mati skýrsluhöfunda eiga betur heima í skólanámskrá eða starfsáætlun skólans. Einnig viljum við benda á að lítil tengsl virðast vera milli matsskýrslunnar og matsáætlunar 2009–2010 sem sett er upp í skorkorti. Skorkortið ætti að mati skýrsluhöfunda að vera gott hjálpartæki við uppsetningu matsskýrslu hvað varðar framsetningu á niðurstöðum. Skýrsluna er ekki að finna á heimasíðu. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 36.gr. segir:

„Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur“.

Huga þarf að vinnubrögðum í þessum efnum og er hér bent á að matsdeild Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum byggt upp þekkingu og færni í að nota skorkort í mati. Einnig hefur Íslenska matsfræðifélagið nú á haustmánuðum látið gefa út *Leiðbeiningar um innra mat skóla*, þar er m.a. að finna leiðbeiningar um framsetningu sjálfsmatsskýrslu.

Sjálfsmatsaðferðir Varmárskóla hafa verið teknar út af menntamálaráðuneyti og aðferðirnar taldar uppfylla viðmið ráðuneytisins að hluta.

Tengsl við skólanámskrá og þátttakendur í mati

Í skólanámskránni er ekki að finna kafla um innra mat skólans. Í starfsáætlun skólans 2009–2010 er vísað í þau skjöl sem voru talin upp hér að framan, varðandi eftirlit með áætlunum og framkvæmd verkefna. Í skólanámskrá er stefna skólans sett fram í 15 atriðum, nokkur þeirra tengjast inn í stefnukort og skorkort, en áður hefur komið fram að lítil sem engin tengsl eru milli sjálfsmatsskýrslu og þessara skjala. Eins og kom fram hér að framan inniheldur sjálfsmatsskýrsla síðasta árs lýsingar sem betur eiga heima í skólanámskránni en matsskýrslu.

Í sjálfsmatsskýrslu 2009–2010 kemur fram að skólanámskrá er endurskoðuð tvisvar á hverju skólaári, annars vegar að vori og hins vegar í byrjun skólaárs. Kennarateymi endurskoða námskrána.

Nemendur og foreldrar eru virkir þátttakendur í könnunum sem lagðar eru fyrir á hverju skólaári. Þar með safnast upplýsingar sem hægt er að nota til þess að meta ákveðna þætti skólastarfsins og bera saman milli ára.

Ekkert kemur fram í gögnum sem bendir til þess að fram fari formlegt mat á frammistöðu kennara í Varmárskóla.

Umbætur á grundvelli sjálfsmats

EKKI liggur fyrir umbótaáætlun á grundvelli sjálfsmats Varmárskóla. Í sjálfsmatsskýrslu 2009–2010 segir að verið sé að móta umbótaáætlun skólans og bent er í því sambandi á skorkort. Skorkort hefur ekki verið uppfært fyrir yfirstandandi skólaár og ekki liggur fyrir mats- eða umbótaáætlun. Unnið er að uppfærslu á skólastefnu fyrir árið 2011 samkvæmt

matsskýrslunni og boðað er að þar sé verið að útbúa viðmið og sett verði fram áætlun um umbætur.

Rétt er að benda hér á nokkra þætti sem flokkast að mati skýrsluhöfunda sem umbætur á grundvelli sjálfsmats. Umbótaáætlanir sem unnar eru af kennurum 4., 7. og 10. bekkjar sem byggja á niðurstöðum samræmdra prófa. Í þeim áætlunum koma ekki fram viðmið og áður hefur verið bent á það misræmi sem birtist í þeim áætlunum. Einnig felur vinna með tenglsakannanir í eldri deildum skólans í sér umbætur og þriðja dæmið um umbótamiðað starf sem byggir á mati er áður nefnd vinna með niðurstöður úr Skólapúlsi. Mikilvægt er að setja þessa þætti skýrt upp og setja fram í umbótaáætlun Varmárskóla.

Samantekt og mat

Mikil vinna hefur verið lögð í innra mat Varmárskóla, en ljóst er að ýmislegt á eftir að lærast og þjálfast við útfærslu þess. Skólastjórnendur og yfirvöld skólamála hafa sett af stað ferli þar sem upplýsingum er safnað um marga þætti skólastarfsins. Þessar upplýsingar og gögn er hægt að leggja til grundvallar innra matinu. Hið eiginlega matsferli, þar sem lesið er úr upplýsingum, lagt mat á stöðu mála, matið borið saman við viðmið og settar fram áætlanir um umbætur, er ekki sýnilegt. Af þessum sökum virkar innra matið tilviljunarkennt.

Skýrsluhöfundar benda á að lagt er upp með metnaðarfulla matsáætlun sem ekki hefur tekist að fylgja eftir. Tengsl matsins við markmið skólastarfsins þurfa að vera skýrari og vinna þarf kafla í skólanámskrá um innra matið. Leggja þarf meiri vinnu í skorkort, huga þarf að tengingu markmiða við skólanámskrá, setja fram mælanleg markmið (mælikvarða), setja fram viðmið um árangur, hvernig árangur er mældur og hvenær mæling fer fram. Mjög mikilvægt er að vera meðvitaður um að ekki er nauðsynlegt að taka fyrir alla þætti skólastarfsins á hverju ári.

Huga þarf að uppfærslu á skjölum á heimasíðu sem tilheyra innra mati og bæta þar við þeim skjölum sem á vantar. Framsetning sjálfsmatskýrslu er ruglingsleg og í raun vantar í hana allt mat. Setja þarf betur niður hvað er verið að mæla í hverju tilfelli fyrir sig, hvernig það er mælt, setja fram niðurstöður og aðgerðir til umbóta á grundvelli niðurstaðna. Í sjálfsmatsskýrslu eru gögn greind og niðurstöður settar fram. Niðurstöðurnar eru bornar saman við viðmiðin og greint frá veikum og sterkum hliðum þess hluta skólastarfsins sem metið er. Umbótaáætlun getur verið sett fram í sjálfsmatsskýrslu eða unnin sérstaklega í beinu framhaldi hennar.

Til að auðvelda þessa vinnu gæti verið skynsamlegt að leita eftir aðstoð fagfólks á þessu sviði. Á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga er að finna leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla sem Björk Ólafsdóttir verkefnastjóri hefur unnið, einnig vilja skýrsluhöfundar benda á nýútkomnar leiðbeiningar um innra mat skóla sem Íslenska matsfræðifélagið hefur gefið út.

Kennarar og annað starfsfólk.

Mikill mannaúður felst í um 100 starfsmönnum Varmárskóla og fljótt á litið virðist vera góður starfsandi í skólanum.

Menntun og endurmenntun

Í stefnu Varmárskóla er lagt upp með að starfmenn skólans myndi sterka liðsheild sem öll vinni að sama markmiðinu. Aftur á móti er hvergi í stefnunni lagt upp með það hvernig staðið skuli að endur- og símenntun starfsfólks sem er undirstaðan að öflugu og framsæknu skólastarfi sem byggir á fjölbreyttum kennsluháttum.

Á liðnu hausti fóru kennarar og starfsfólk í náms- og kynnisferð til Boston. Allir viðmælendur skýrsluhöfunda voru mjög ánægðir með þetta framtak stjórnenda skólans og voru vissir um að ferðin kæmi til með að skila góðum starfsanda í hópinn um leið og hún færði kennurum og starfsfólki nýja sýn á skólastarfið. Um 75% starfsmanna Varmárskóla fóru í ferðina ásamt nokkrum mökum.

Í viðtali við skólastjórnendur kom fram að endurmenntunaráætlun er til á pappír en er gömul og þarfnast endurnýjunar. Framboð á endurmenntun við skólann síðustu misseri hefur snúist um útikennslu og heilsueflingu að sögn skólastjóra. Fræðsludagur er settur upp á hverju hausti í skólanum. Á þessu skólaári hefur endurmenntun falist í útikennslu og heilsueflingu, auk PALS sem allir kennarar taka þátt í. Á hverju hausti eiga kennarar að skila til skólastjóra blaði um það hvernig þeir hafi varið þeim tíma sem þeim eru ætlaðir í endur- og símenntun í kjarasamningum. Það er mjög einstaklingsbundið hvernig kennarar nýta þann tíma sem þeim er ætlaður í endurmenntun sbr. gildandi kjarasamninga.

Í skorkorti Varmárskóla 2009–2010 segir undir liðnum Mannauður að skólinn vilji: „*Efla þekkingu og frumkvæði m.a. með markvissri símenntun*“ og síðar í skorkortinu segir: „*bjóða skal upp á öflugna símenntun og skal hún unnin í samvinnu stjórnenda og starfsmanna skólans*“ (Varmárskóli. 2009). Verklok skulu vera í apríl 2009 og ábyrgð á framkvæmd er í höndum stjórnenda. Ekki liggur fyrir endurnýjuð endurmenntunaráætlun þrátt fyrir áætluð verklok sbr. skorkort skólans.

Skipulag skólastarfs

Úr sjálfsmatsskýrslu Varmárskóla 2009–2010 er greint frá einstaklingsmiðun í námi í skólanum (Mynd 11).

Skólinn leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám. Með einstaklingsmiðuðu námi er gengið út frá að einstaklingarnir séu ólíkir og hæfileikar þeirra liggja á mismunandi sviðum. Kennarar þurfa því að skipuleggja nám og kennslu í samræmi við það.

Mynd 11: Nám og kennsla (Varmárskóli. 2010)

Eins og skýrsluhöfundar hafa áður getið þá starfar Varmárskóli í tveimur nokkuð sjálfstæðum einingum yngri- og eldri deild í tveimur skólabyggingum og hefur það að einhverju leyti áhrif á skipulag skólastarfsins. Í yngri deild eru nemendur í 1.– 6. bekk auk leikskóladeildar. Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir alla árganga í yngri deild. Lagt er upp með að kennslan sé árgangabundin þar sem reynt er að horfa á árganginn sem eina heild í stað bekkja og skipta síðan í námshópa út frá einstaklingunum, þörfum þeirra og stöðu. Enn sem komið er er lengst gengið í blönduninni í 1. bekk. Námið í leikskóladeildinni er að mestu hefðbundið leikskólastarf sem að miklu leyti er skipulagt í útikennslu þar sem nemendum hópsins er kennt á náttúruna og umhverfi Varmárskóla. Tvisvar í viku er leikskólalópnum

síðan blandað í smiðjur/vinnu með 1. og 2. bekk. Auk þessa er PALS samvinnunám í lestri unnið með leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar.

Undir stjórn skólastjóra er aðkoma starfsfólks mikil að kennsluskipulagi og ákvörðunum er snerta starfið í yngri deild. Umsjónarkennarar skipta með sér árgangastjórn og eru þá verkstjórar í ákveðið margar vikur á skólaárinu. Allt kennsluskipulag er rætt á vinnufundum þar sem línurnar eru lagðar um það hvernig markmiðum skuli náð.

Í eldri deild eru nemendur úr 7.–10. bekk. Kennslan í eldri deild er alfarið greinabundin og við skiptingu í námshópa er horft yfir árganginn í heild og skipting í námshópana er út frá einstaklingunum, þörfum þeirra og stöðu.

Í deildinni er námsver (sérdeild) sem nemendur í samráði við foreldra sína geta skráð sig í. Í mörgum tilvikum fá þessir nemendur einstaklingsnámskrá og er þeim boðið upp á ýmis sérúrræði s.s. átaksverkefni o.fl.

Í sjálfsmatskýrslu Varmárskóla 2009–2010 er greint frá því að námsver sé tímabundið úrræði (Mynd 13).

Átaksverkefnið er hugsað sem tímabundið úrræði allt að einni önn í senn fyrir nemendur sem hafa dregist afturúr í námi og vilja taka sig á í ástundun og bæta árangur sinn. Markmiðið er að viðkomandi komist á ný inn í sinn bekk og geti stundað nám með hefðbundnum hætti... Einstaklingsbundin kennsla í fámennum hópum er veitt þar sem um mjög sértæka námsörðugleika er að ræða... Með því að veita sértæka þjónustu inni í almennum bekk er reynt að efla félagsleg tengsl nemenda.

Mynd 12: Námsver skólans (Varmárskóli. 2010)

Mikið er lagt upp úr því að nemendur með frávík hafi mikið um það að segja hvaða þjónustu þeir fái í Varmárskóla t.d. hvort þeir skrái sig í Námsver og fái stuðning þar, fái stuðning inni í bekkjum og eða í námshópum.

Kennarar og starfsfólk kjósa sína fulltrúa í skólaráð á starfmannafundi. Óskað var eftir framboðum frá kennurum í skólaráðið og einnig frá öðru starfsfólki en engin bauð sig fram. Voru þá kosnir tveir fulltrúar kennara leynilegri kosningu sitt úr hvoru húsi og einn fulltrúi starfsfólks. Aðspurðir sögðust kennarar vera mjög ánægðir með þá breytingu að fá skólaráð í stað kennararáðs. Þeir væru alls ekki að tapa neinu. Kennararáðið hefði verið orðið barns síns tíma með breyttum starfsháttum í skólunum þar sem miklu fleiri hefðu komið að ákvarðanatöku en áður s.s. nemendaverndarráð, sérkennsluteymi o.fl.

Námsárangur og námsmat

Viðmælendur skýrsluhöfunda úr kennarahópi lýstu yfir ánægju með námsárangur nemenda. Þeir fullyrtu að Varmárskóli útskrifaði mjög sterka nemendur félagslega. Það er styrkleiki Varmárskóla. Spurt var um veikleika skólans. Við erum mjög ánægð með námsárangur Varmárskóla var svarað.

Í Varmárskóla er unnið með námsmat á margvíslegan hátt. Símat fer fram í öllum aldurshópum allan veturinn. Eitthvað er um að verið sé að prófa leiðsagnarmat í gegn um *Mentor* og kom fram hjá viðmælendum að leiðsagnarmatið væri óheyrilega mikil vinna. Ekki var annað að heyra á viðmælendum skýrsluhöfunda úr kennarahópi en að þeir væru sáttir með þær breytingar sem gerðar voru á samræmdum prófum með gildandi grunnskólalögum.

Jafnrétti

Vorið 2006 veitti Mosfellsbær Varmárskóla viðurkenningu fyrir jafnréttisáætlun sína. Markmið jafnréttisstefnunnar eru þau að stuðla að því að allir eigi jafnan rétt og beri jafnar skyldur og að einstaklingum sé ekki mismunað. Starfsmönnum og nemendum Varmárskóla

skal því ekki mismunað vegna kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, uppruna, trúar- eða stjórnmalaskoðana. Varmárskóli vill jafnan hlut karla og kvenna í starfsliði skólans. Ennfremur er það eindregin vilji Varmárskóla að tryggja að námsárangur beggja kynja sé svipaður og í þeim tilvikum sem ójafnvægi er milli kynja verði leitað til fagaðila til að greina orsakir misskiptingar þar sem leitast verður við að finna leiðir til úrbóta. Skýrsluhöfundar spurðu alla hagsmunaaðila sem þeir töluðu við í Varmárskóla um jafnrétti í skólanum. Algengasta svarið var „við erum með jafnréttisáætlun sem við vinnum eftir“. Í bekkjartímum koma nemendur fram með skoðanir sínar og fá með því að hafa áhrif á skólastarfið og jafnrétti í víðum skilningi.

Samantekt og mat

Varmárskóli býr að miklum mannauði. Viðmælendur skýrsluhöfunda úr hópi kennara og starfsfólks voru kraftmikilir einstaklingar sem greinilega voru með þá sýn á starfið í Varmárskóla að það væri framsækið, unnið væri að stöðugum umbótum og þróun á skólastarfinu.

Kennarar í eldri deild virðast nokkuð sjálfstæðir hver með sína kennslu (kóngar í sínu ríki). Í ljósi markmiða skólans væri heppilegt að auka samstarf milli kennara um kennsluna. Kennsluáætlanir eru gerðar fyrir alla árganga í eldri deild og er um ákveðna samvinnu milli kennara að ræða við gerð þeirra sem síðan í mörgum tilvikum heldur áfram yfir veturinn.

Skólastjórnendur hafa góðan skilning á mikilvægi þess að gefa kennurum og starfsfólki ákveðið olnbogaráými í sínum störfum. Það er mat skýrsluhöfunda að skipuleggja þurfi betur en gert er endur- og símenntun kennara út frá þörfum og stefnu skólans. Náms- og kynnisferðin til Boston sem farin var nú í haust var að mati skólstjóra og starfsfólks mikilvæg í að ná upp góðum starfsanda í hópnum, um leið og hún færði stjórendum og starfsfólki nýja sýn á skólastarf en 75% starfsmanna Varmárskóla fóru í ferðina.

Starfsumhverfið er opið og hispurslaust og eru kennarar og annað starfsfólk órægt að koma með ábendingar og tillögur um atriði sem betur mega fara og eru beinlínis hvött til þess. Samheldni og samvirkni ríkir innan starfshópsins. Skilningur er á gildi sameiginlegrar ábyrgðar gagnvart því starfi sem fram fer í skólanum.

Nemendur

Fulltrúar nemenda töldu skólabrag vera mjög góðan og að umgengni nemenda í skólanum væri góð. Mikil vinátta væri milli nemenda og sá mórall væri uppi að einelti væri ekki líðið í hópi nemenda. Enginn er fullkominn og ef einhver væri útundan þá reyndu þau að leysa það í sínum hópi með því að tala við nemendur um vandamálið.

Líðan og lýðræði

Niðurstöður úr Skólapúlsinum 2009–2010 sýna fram á að einelti í Varmárskóla er undir meðaltali þeirra skóla sem þátt taka í mælingum Skólapúlsins. Unnið er markvisst eftir Olweusaráætlun í skólanum. Í foreldrakönnun í febrúar 2010 voru foreldrar spurðir um líðan barna sinna í skólanum. 95% þeirra sem áttu börn í 1.–6. bekk og þátt tóku í könnuninni, töldu að barninu þeirra líði afar vel eða nokkuð vel í skólanum. 84% foreldra barna í 7.–10. bekk töldu að barninu þeirra líði afar eða nokkuð vel í skólanum. Niðurstöður í Skólapúlsinum benda einnig til þess að nemendum Varmárskóla líði að jafnaði heldur betur en meðaltal allra þátttökuskólanna mælist.

Nemendur fá sína tvo fulltrúa í skólaráð og koma þar með að ákvarðanatöku um ýmis mál er varða skólahaldið. Í skólaráði er m.a. starfsáætlun lögð fyrir og stefna skólans rædd. Ef upp koma sérstök hagsmunamál nemenda þá eru þau rædd og reynt að finna lausnir í samráði við stjórnendur. Einnig að stjórnendur skjóta ýmsum málum til nemendaráðs til að fá ráðleggingar um lausn þeirra. Skólareglur eru gamlar og þess vegna höfðu viðmælendur ekki aðkomu að gerð þeirra. Farið er yfir skólareglurnar í bekkjartímum á hverju hausti svo þær eiga að vera öllum nemendum vel kunnar.

Lýðræði í námi í eldri deild birtist í námsvali nemenda í níu kennslustundir á viku. Einnig kom skýrt fram í viðtölum við hagsmunaaðila að bekkjartímar hjá umsjónarkennara einu sinni í viku skipti mjög miklu máli. Í bekkjartímum koma nemendur fram með skoðanir sínar á náminu og fá með því að hafa áhrif á skólastarfið.

Jafnrétti og samskipti

Viðmælendur voru sammála um að jafnrétti milli kynja væri virkur þáttur í öllu starfi skólans. Jafnréttis er gætt í námi nemenda og einnig í valáföngum og félagsstarfi. Viðmælendur töldu einnig að jafnréttið næði til nemenda af erlendu bergi brotna sem og fatlaðra.

Í foreldrakönnun í febrúar 2010 kemur fram að rúmlega 90% þátttakenda finnst starfsfólk skólans koma fram við barnið sitt af virðingu og sanngirni alltaf eða oft. Skólapúlsinn mælir samband nemenda við kennara og mælist Varmárskóli þar við meðaltalið.

Þær fullyrðingar sem lagðar eru til grundvallar í Skólapúlsinum eru (Mynd 13):

- Nemendum semur vel við flesta kennara.
- Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel.
- Flestir kennararnir mínir hlusta vel á það sem ég hef að segja.
- Ef mig vantar auka aðstoð þá fæ ég hana frá kennurunum mínum.
- Flestir kennararnir mínir eru sanngjarnir við mig (af heimasíðu).

Mynd 13: Fullyrðingar úr Skólapúlsi (Varmárskóli, 2010)

Skýrsluhöfundar spurðu nemendur hvernig þeim gengi að koma á framfæri skoðunum sínum á kennslu. Fátt varð um svör – en ef einhver er óánægður með kennsluna talar hann við deildarstjóra.

Nemendur töldu að samskipti skóla og heimila væri í góðu lagi. Það væri allt í lagi að fá foreldra meira inn í skólann til þátttöku í skólastarfinu. Þeir töldu að foreldrar væru ekki áhugasamir um að koma mikið í skólann en skólinn stæði þeim opinn. Viðhorfið var: það þarf að þína foreldra til að koma í skólann.

Skólaráð og nemendaráð, starfsvið

Í skólaráð fá nemendur tvo fulltrúa eins og þeim er ætlað í gildandi grunnskólalögum. Fulltrúar í skólaráð koma úr nemendaráði sem er við skólann og er það skipað 7 fulltrúum. Fimm koma úr 10. bekk þ.e. formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Einn meðstjórnandi er kosinn í ráðið úr 9. bekk og annar úr 8. bekk. Kosning í nemendaráð fer fram meðal nemenda. Meginviðfangsefni nemendaráðs eru félagsmál nemenda. Meðal viðfangsefna má nefna: ferðalög, samkomur, árshátíðir o.fl. Ef upp koma sérstök hagsmunamál nemenda þá eru þau rædd og reynt að finna lausnir í samráði við stjórnendur. Einnig skjóta stjórnendur ýmsum málum til nemendaráðs til að fá ráðleggingar um lausn þeirra.

Félagsstarf í skólanum er fjölbreytt og voru viðmælendur skýrsluhöfunda sáttir við það sem í boði er í þessum efnum. Einnig nefndu viðmælendur félagsmiðstöðina *Bólið* sem styrkan þátt í félags- og tómstundastarfi Mosfellsbæjar.

Námsárangur og námsmat

Þegar skýrsluhöfundar spurðu um námsárangur í Varmárskóla var greinilegt að nemendur setja markið hátt og vilja að skólinn standi sig. Þeir voru þeirrar skoðunar að það ætluðu ekki margir (varla neinn) í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar að loknum 10. bekk. Lýstu þeir yfir óánægju með þær takmarkanir sem búið væri að setja framhaldsskólum við inntöku nemenda í framhaldsskólana:

„mér finnst allt í lagi að hafa einhverja hverfisskiptingu en ekki 45% - með þessu er verið að segja að ef þú færð ekki 10 á öllum prófum þá verður þú að fara í þennan hérna.“

Nemendur voru almennt sáttir við símatið í skólanum. Þau væru upplýst í kennsluáætlunum að hausti til hvers væri ætlast af þeim. Það kæmi einnig skýrt fram hvað verkefni giltu mikið og hvað próf giltu. Þegar skýrsluhöfundar spurðu um námsmat kom strax svar frá einum úr hópnum:

„Ætla ekki að svara þessu. Er ekki alveg með þessu símati. Persónulega vildi ég frekar hafa jólaþróf og vorþróf.“

Ekki kom fram óánægja með fyrirkomulag samræmdra prófa.

Samantekt og mat

Nemendur bera traust til skólans síns, þeim líður vel í skólanum og þeir eiga þar vini. Í Varmárskóla eru allir jafnir hvort sem um er að ræða nemendur, kennara eða starfsfólk. Viðhorf nemenda til kennara og kennslunnar var almennt jákvætt. Þó kom fram að þeir hefðu ekki mörg tækifæri til að hafa áhrif á námið sem slíkt og ef einhver var óánægður með kennsluna þá var talað við deildarstjórnann. Það vakti athygli skýrsluhöfunda að ekki væri fyrst talað við umsjónarkennara, „það er bara miklu auðveldara að ná í deildarstjórnann en að leita að umsjónarkennaranum“ sagði einn nemendanna sem við var rætt. Umsjónarkennari hefur einn tíma á viku með sínum umsjónarnemendum. Það er umhugsunarvert hvort bekkjar-tímarnir með umsjónarkennara nýtist nemendum til þess að hafa áhrif á nám sitt. Í *Handbók / Hagnýtar upplýsingar fyrir starfsmenn 2009–2010* er að finna skilgreiningu á starfi umsjónarkennara og hlutverk hans í þágu nemenda skýrt.

Það er mat skýrsluhöfunda að skólayfirvöld í Mosfellsbæ þurfi að taka til skoðunar viðhorf unglínganna til framhaldsmenntunar í heimabæ. Skýrsluhöfundar vilja að það komi skýrt fram að engin gagnrýni kom fram á Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Það er mat okkar að þarna voru nemendur ekki að velja á milli framhaldsskólanna sem slíkra heldur að velja það að hleypa heimdraganum eða ekki.

Nemendur vilja fá foreldra meira inn í skólann og telja að skólinn sé tilbúinn í meira samstarf við foreldra – t.d. atvinnulausa foreldra meira inn í skólastarfið – líkt og í Boston.

Pátttaka foreldra í skólastarfinu

Skýrsluhöfundar áttu viðtal við fulltrúa foreldra í Varmárskóla og voru foreldrar almennt ánægðir með námsárangur og starfið í skólanum. Þeir báru traust til stjórnenda, kennara og starfsfólks. Þeir nefndu að nemendunum liði vel í skólanum og að það væri mjög vel tekið á móti nýjum nemendum í skólann hvort sem um væri að ræða sex ára nemendur í 1. bekk eða nemendur sem væru að flytjast í Mosfellsbæ úr öðrum byggðarlögum.

Þegar spurt var um eitthvað sérstakt sem þeim finndist standa upp úr í starfi skólans voru þeir sammála um að það væri útikennslan og umhverfi skólans. Útikennslan er útinám sem byggir á heilbrigðu líferni og sjálfbærri þróun. Við skólann er útikennslusvæði sem er í stöðugri þróun.

Þegar spurt var um eitthvað sérstakt sem foreldrum finndist að mætti betur fara í starfi skólans svöruðu þeir því að samstarf kennara færi mjög mikið eftir námsgreinum. Það er miklu meira samstarf í yngri deild en þeirri eldri. Í einstöku námsgreinum er samstarf mikið en í sumum allt of lítið. Foreldrar segja að frá hendi stjórnenda sé ætlast til þess af kennurum að þeir vinni saman og séu með hópastarf en til eru í skólanum kennarar sem kemur ekkert við hvað er að gerast hjá öðrum kennurum. Foreldrar bættu við að það vantaði mjög oft ferla til að fylgja eftir stefnu skólans.

Foreldrar voru ánægðir með námsmatið í Varmárskóla, upplýsingar til foreldra og einnig með samskipti þeirra almennt við skólann. Bentu þó á að það þurfi að passa það að *Mentor* bjóði ekki upp á neikvæð samskipti heimilis og skóla.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er áhersla lögð á samstarf heimilis og skóla. Þar segir að menntun og velferð nemenda sé sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Mesta áherslu beri að leggja á samstarf um hvern einstakling, nám hans og velferð sem vettvang menntunar. (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, 2006) (Mynd 14).

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Mynd 14: Úr 9. gr. laga um grunnskóla (Lög um grunnskóla, 2008)

Í stefnu Varmárskóla segir um foreldrasamstarf:

“Varmárskóli leggur áherslu á gott samstarf heimilis og skóla þar sem velferð barnsins er í fyrirrúmi... Foreldrum er ávallt velkomið að taka þátt í skólastarfinu að höfðu samráði við umsjónarkennara og eða skólastjórnendur og eru þeir hvattir til að heimsækja vinnustað barna sinna”. (Varmárskóli, 2010)

Pátttaka foreldra í starfi skólans

Við Varmárskóla er starfandi foreldrafélag. Níu foreldrar skipa stjórn félagsins og er stjórnin kjörin á aðalfundi félagsins þ.e.: formaður, ritari/varaformaður, gjaldkeri og sex meðstjórnendur. Helstu viðfangsefni foreldrafélagsins eru fjáraflanir, aðkoma að hátíðum og skólaslitum o.fl. Foreldrar, sem við var rætt, voru sammála um að auðvelt væri að virkja foreldra til starfa fyrir foreldrafélagið og að foreldrar hefðu gott aðgengi að skólanum. Félagið er vonandi aðhald bæði félags- og umhverfislega fyrir skólastjórnendur og Mosfellsbæ í skólastarfinu. Félagið þrýsti á um að umhverfi skólans væri tekið út sl. sumar.

Foreldraröltið í Mosfellsbæ hefur mjög mikið forvarnargildi að mati viðmælenda og er skipulagt af hálfu félagsins. Foreldrar nemenda úr 1.–10. bekk taka þátt í röltinu og á þessu skólaári er það í samstarfi við Lágafellsskóla og Rauða Krossinn.

Árið 2007 var stofnað svæðisráð fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna í Mosfellsbæ og til varð samstarfsvettvangurinn *Mosforeldrar* sem vinna að sameiginlegum málefnum nemenda í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. *Mosforeldrar* eru tengiliður foreldra á svæðinu við Heimili og skóla. Jafnframt kýs ráðið sér fastan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti til setu sem áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd Mosfellsbæjar. *Mosforeldrar* eru bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um skóla og fjölskyldumál ásamt því að veita fræðslunefnd umsagnir um ýmis mál er varða starfsemi leik- og grunnskóla í bænum.

Skólaráð og lýðræði

Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði Varmárskóla. Þeir voru kjörnir í skólaráðið til tveggja ára á aðalfundi foreldrafélagsins þar sem óskað var eftir framboðum. Einungis buðu tveir sig fram að þessu sinni og voru þeir kjörnir í skólaráðið. Báðir skólastjórar Varmárskóla eru í skólaráði og sitja fundi ráðsins.

Viðmælendur sögðu að ekki væri búið að ganga frá fastmótuðu hlutverki skólaráðs í stjórnkerfi skólans. Skólastjórnendur setja upp dagskrá funda og stjórna þeim. Þeir sögðu að það vantaði ekkert upp á lýðræðislega meðferð mála og sögðust eiga auðvelt með að koma málum inn á dagskrá funda en að það vantaði skýrari umgjörð um starfsemi ráðsins.

Viðmælendur voru meðvitaðir um að skólaráðið væri samstarfsvettvangur undir stjórn skólastjóra um stjórn skólans en höfðu orð á því að það gengi illa að fá niðurstöðu í mál þó þau væru rædd aftur og aftur í skólaráðinu – viðmælendur voru meðvitaðir um að skólastjóri ætti að taka af skarið og ljúka málum. Samkvæmt fundaaætlun sem búið er að birta á heimasíðu skólans fær skólaráðið til umsagnar þær áætlanir sem gildandi grunnskólalög gera ráð fyrir.

Foreldrar höfðu áhyggjur af því að sparnaður vegna kreppunnar kæmi niður á sérkennslu og sértækum stuðningi við nemendur. Foreldrar sögðu stefnu Varmárskóla í sérkennslumálum vera mjög skýra en framkvæmdin er ekki auðveld – sögðu þeir foreldra þurfa að vinna vel með skólanum í eftirfylgni með sérkennsluúrræðum. Það skipti mjög miklu máli hvernig foreldrar vinna með nemendur sem þurfa á sértækri aðstoð að halda.

Samantekt og mat

Foreldrar virðast almennt ánægðir með það starf sem fram fer í Varmárskóla. Þeir hafa jákvætt viðhorf til kennara og bera traust til stjórnenda skólans. Þeir telja að barninu sé vel sinnt í skólanum, það fái yfirleitt að njóta sín og líði oftast vel. Þeir telja stefnu skólans í sérkennslumálum vera mjög skýra. Foreldrar segja að upplýsingar sem þeir fá um barnið sitt vera gagnlegar og yfirleitt er allt samstarf við skólann gott.

Foreldrar eru ánægðir með það aðgengi sem þeir hafa að stjórnendum skólans og kennurum hans. Þeir eiga auðvelt með að ná fundi með áðurnefndum aðilum ef upp koma vandamál sem þarf að ræða. Það er mat skýrsluhöfunda að mál fái lýðræðislega meðferð og jafnréttis milli aðila sé gætt.

Foreldrar lögðu á það áherslu að hraða þyrfti gerð skipurits fyrir skólaráðið og einnig að ganga frá fastmótuðu hlutverki skólaráðs í stjórnkerfi skólans.

Skýrsluhöfundar vilja vekja athygli á að foreldrar höfðu ákveðnar áhyggjur af því að þær aðstæður sem uppi væru í efnahagsmálum þjóðarinnar kæmu til með að bitna á starfi Varmárskóla.

Sérfræðipjónusta sveitarfélags/skólans

Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum og er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum. Sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Stefna stjórnvalda er sú að fatlaðir nemendur stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla eða heilsu hans sé þannig farið að ekki verði komist hjá vistun fjarri heimili. (Aðalnámskrá grunnskóla 2006)

Svo skólinn geti sem best rækt þetta hlutverk sitt mæla lög (nr. 91/2008) fyrir um að sveitarfélög skuli tryggja grunnskólum sérfræðipjónustu, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra. Markmiðið er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Þjónustan skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á (Reglugerð nr. 584/2010).

Fyrirkomulag og aðgengi

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar starfar á Fræðslu- og menningarsviði Mosfellsbæjar. Forstöðumaður Fræðslu- og menningarsviðs er Björn Þráinn Þórðarson og er hann jafnframt yfirmaður Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar. Á skólaskrifstofunni starfa auk forstöðumanns, skólafulltrúi, verkefnastjóri, þrjár sálfræðingar og einn kennsluráðgjafi. Sérfræðipjónustan er miðlæg og felst þjónustan fyrst og fremst í kennslufræði- og sálfræðiráðgjöf. Skólaskrifstofan sér leik- og grunnskólum bæjarins fyrir sérfræðilegri ráðgjöf skv. lögum og reglugerðum og hvetur til umbóta og framþróunar í skólastarfi. Samkvæmt heimasíðu Mosfellsbæjar eru meginverkefni sérfræðipjónustunnar (Mynd 15).

- sálfræðipjónusta við leik- og grunnskóla.
- umsjón með annarri sérfræðipjónustu í samstarfi við skólafulltrúa.
- tengsl við aðrar stofnanir innan og utan bæjarfélagsins.
- auk fræðslu og ráðgjafar til foreldra og starfsfólks skóla ásamt stuðningi við forvarnarverkefni, þróunar- og nýbreytnistarf.

Mynd 15: Þjónusta skólaskrifstofu við skólana (Mosfellsbær, 2010)

Í viðtali við forstöðumann fræðslusviðs kom fram að mikið er um verkefni sem eru stuðningur við þróun skólastarfs og stuðningur við stjórnendur. Stjórnendur leik- og grunnskólanna í Mosfellsbæ funda reglulega daginn eftir fund fræðslunefndar til að því sem þar kom fram sé miðlað milliliðalaust árfam til stjórnenda skólanna.

Meginverkefni sérfræðisviðs Skólaskrifstofunnar eru greiningar að sögn formanns Fræðslusviðs en kennsluráðgjöf er lítil. Á 10 ára tímabili eru það milli 50 til 60% grunnskólanemenda sem koma til sálfræðings og stór hluti af þeim fær greiningu. Að sögn forstöðumanns Fræðslusviðs er mikil sérkennsla í grunnskólum Mosfellsbæjar og er sérkennslan í Varmárskóla langt yfir landsmeðaltali. Umdeilanlegt er hve stór hluti af veittri þjónustu er einungis stuðningur við kennslu eða sérkennsla. Skólaskrifstofan úthlutar Varmárskóla um 300 kennslustundum á viku til sérkennslu og í aðra sértæka þjónustu við nemendur sem er um 28% af heildar kennslustundafjölda skólans.

Greining og skimunarpróf

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að margir nemendur með sértæka námsörðugleika eigi í erfiðleikum með að ná tókum á lestri. Til að koma til móts við þennan vanda og aðra námsörðugleika er nauðsynlegt að meta sérþarfir nemenda með öflugri skimun og greiningu sem allra fyrst á skólagöngunni. Í Mosfellsbæ er eitt skimunarpróf lagt fyrir alla nemendur í 9. bekk í bæjarfélaginu á vegum Skólaskrifstofunnar, önnur skimunarpróf sér skólinn sjálfur um. Það er skólans að meta hvort þörf er á kennslufræðilegum leiðbeiningum í kjölfar greininga og getur hann kallað eftir ráðgjöf ef hann metur það svo. Rétt þykir að taka hér fram að í viðtölum sem skýrsluhöfundar áttu við hagsmunaaðila kom fram sú skoðun að kennsluráðgjöf Skólaskrifstofunnar stæði ekki undir væntingum kennara til kennsluráðgjafar.

Eftirtalin skimunarpróf eru lögð fyrir í Varmárskóla:

- Hugur og heilsa, skimun í 9. bekk, lagt fyrir af sálfræðingum í september.
- Tove Krogh skimun fyrir 1. bekk, lagt fyrir af sérkennurum í september.
- Hreyfiþroskapróf í 1. bekk, lagt fyrir af íþróttakennurum í janúar.
- Lesskilningsskimun í 5. bekk, lagt fyrir af sérkennurum í febrúar.
- Læsiskannanir í 1. og 2. bekk, lagt fyrir af bekkjarkennurum.

Einnig eru lagðar fyrir tengslakannanir í elstu bekkjunum, tvisvar á ári og námsráðgjafar leggja áhugasviðskönnun fyrir nemendur 10. bekkjar.

Hugur og heilsa er umfangsmikið rannsóknarverkefni sem Eiríkur Örn Arnarson forstöðusálfræðingur á Landsspítala – háskólasjúkrahúsi hefur unnið að undanfarin ár ásamt fjölmörgum öðrum. Markmið rannsóknarinnar er að finna virkar leiðir til þess að koma í veg fyrir þunglyndi, að það taki sig upp og að þróa meðferð við því. (Landsspítalinn-háskólasjúkrahús. 2004). Um mjög merkilega og metnaðarfulla rannsókn er að ræða þar sem leitast er við að meta hversu áhrifarík námskeiðin *Hugur og heilsa* eru til að koma í veg fyrir þunglyndi þegar til lengri tíma er litið. Lögð eru próf fyrir alla nemendur í 9. bekk grunnskóla í Mosfellsbæ, m.a. til að meta þunglyndiseinkenni. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að námskeiðin dragi úr einkennum þunglyndis og sporni við þróun þess.

Nemendaverndarráð

Við Varmárskóla starfar nemendaverndarráð samkvæmt 39. gr. laga nr. 66 frá 1995 og reglugerð nr. 388 frá 1996. Skýrsluhöfundar benda á nýja reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 sem hafa þarf til hliðsjónar þegar farið verður í endurskoðun á verkefnum og starfssviði nemendaverndarráðs í Varmárskóla. Í stefnu skólans er kveðið á um markmið nemendaverndarráðs og starfssvið þess (Mynd 16).

- Markmið nemendaverndarráða er að bæta sérfræðiþjónustu við nemendur og gera hana skilvirkari...
- Nemendaverndaráð samræmir störf þeirra sem sjá um málefni nemenda varðandi forvarnarstörf, heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu.
- Ráðið er skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sértæka aðstoð við nemendur.
- Nemendaverndarráð fjallar um úrræði í málum nemenda sem til þess er vísað...

Mynd 16: Markmið nemendaverndarráðs (Varmárskóli. 2010)

Foreldrar og/eða kennarar geta vísað málum nemenda sem eiga við námserfiðleika eða aðra sértæka erfiðleika að stríða til nemendaverndarráðs. Nemendaverndarráð heldur vikulega fundi og sjá skólastjórnendur um að undirbúa fundina og ganga frá dagskrá. Fundina sitja skólastjórnendur, sálfræðingur, námsráðgjafi, starfsmaður/kennari, og hjúkrunarfræðingur.

Fundir ráðsins eru bókaðir og farið er með allar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna. Þegar nemendaverndarráð fjallar um mál einstakra nemenda er umsjónarkennari hans boðaður til fundarins ef þurfa þykir. Auk þess sitja fundi kennarar eða aðrir sem til eru kallaðir eða hafa óskað eftir að leggja mál fyrir ráðið.

Aldrei er hafist handa við einstaklingsgreiningu nema fyrir liggi skriflegt samþykki foreldra. Oftast eru það starfsmenn skólans sem leita eftir þjónustunni eða vísa foreldrum á hana, en einnig geta foreldrar að eigin frumkvæði leitað eftir þjónustu sérfræðinga Skóla-skrifstofu. Niðurstöður greininga eru kynntar í nemendaverndarráði og þar er farvegur máls ákvarðaður. Ef á þarf að halda setur nemendaverndarráð upp áætlun fyrir viðkomandi nemanda og sérstakt teymi starfsmanna skólans sett til að fylgja henni eftir. Að slíkri áætlun geta komið fulltrúar í nemendaverndarráði svo og ráðgjafar sérfræðiþjónustu, umsjónar- og sérkennarar skólans. Mál nemandans eru ekki frekar til umfjöllunar í nemendaverndarráði nema að teymið óski þess sérstaklega.

Sjúkrakennsla og skólaheilsugæsla

Sjúkrakennsla við börn sem bundin eru sjúkrastofnunum er sinnt ef hún kemur upp. Heilsugæsla í Varmárskóla er á vegum heilsugæslu Mosfellsumdæmis. Hlutverk heilsugæslu í skólum er að stuðla að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði skólabarna og sér hjúkrunarfræðingur um að afla almennra upplýsinga um heilsufar nemenda. Læknar eru frá heilsugæslu Mosfellsumdæmis. Hjúkrunarfræðingur situr í nemendaverndarráði.

Samantekt og mat

Ekki verður annað séð en að vel sé staðið að þeirri sérfræðiþjónustu sem Varmárskóli hefur til boða, bæði innri stoðþjónustu skólans svo og ytri þjónustu sveitarfélagsins. Sérfræðiþjónusta Skólaskrifstofunnar er mönnuð afkastamiklum sérfræðingum, að sögn framkvæmdastjóra Fræðslu- og menningarsviðs, á hinum ýmsu sviðum og veita fjölbreytta þjónustu.

Það kom fram í viðtölum við hagsmunaaðila að þeir eru mjög ánægðir með þá þjónustu sem sérfræðiþjónustan veitir utan það að gagnrýni kom fram á kennsluráðgjöf. Einnig vöktu hagsmunaaðilar máls á því að fyrir komi að bíða þurfi helst til of lengi eftir niðurstöðum úr greiningum.

Í lögum um grunnskóla er áhersla lögð á að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla, án aðgreiningar og án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Grundvallarviðmið í skólastarfi er jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2006 er bent á að eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólafyrvalda sé að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins. Þetta er viðamikilið og vandasamt verkefni og því ástæða til að ígrunda hvort áherslur sérfræðiþjónustunnar styrki skólann sem faglega stofnun sem leyst geti flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veiti í því sambandi starfsfólki hans þá leiðbeiningu og aðstoð við störf sín sem við á. Ördugleikar nemenda í námi eru miklu fremur vandamál skólans en nemenda sjálfra, þ.e. faglegt viðfangsefni sem skólinn þarf að glíma við og megin áherslur og starf Skólaskrifstofunnar ættu að ganga út á það.

Mat og eftirlit sveitarfélagsins

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er það verkefni sett á sveitarfélög að annast ytra mat á gæðum eigin skóla. Engin leiðbeining hefur verið gefin um hvernig að slíku mati skuli staðið né neinar viðmiðanir um gæði skólastarfs. Á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið unnið að því að móta leiðsögn um viðmið fyrir sveitarfélög við slíkt mat.

Áhersluatriði sveitarfélags í ytra mati

Í skólustefnu Mosfellsbæjar (2010) kemur fram að skólustefnan sé „leiðarvísir að skipulagi og faglegu uppeldisstarfi í Mosfellsbæ“. Í skólustefnunni er að finna meginmarkmið sveitarfélagsins varðandi skólastarf. Hverri stofnun sveitarfélagsins er síðan ætlað að:

„gera grein fyrir þeim leiðum sem farnar eru að markmiðunum í skólanámskrá og jafnframt taka mið af sérstöðu og faglegum áherslum sem sérhver stofnun byggir á“.

Skólustefnan er sett fram í fjórum megin köflum, skólastarf, mannauður, umgjörð og stuðningur, og samfélagið. Í kaflanum um „umgjörð og stuðning“ segir að hlutverk Mosfellsbæjar sé:

„að styðja skólana við að þróa sameiginleg mælitæki og viðmið um gott skólastarf, þar sem áhersla er á náms- og þroskamöguleika hvers barns, þroskavænlegt umhverfi til náms og leiks, þar sem barnið er í brennidepli“.

Jafnframt kemur fram:

„að matskerfi skólanna skuli vera formleg, sýnileg og öflug, þau eigi að endurspeglar árangur, upplifanir hagsmunaaðila og stuðla að stöðugri starfsþróun“.

Mosfellsbær hefur að leiðarljósi í skólustefnu sinni að skólar njóti sjálfstæðis við útfærslu á leiðum að markmiðum Skólustefnu Mosfellsbæjar. Í 3. grein samþykktar fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar frá 2003 kemur fram að hlutverk fræðslunefndar er m.a. (Mynd 17):

- að hafa eftirlit með stofnunum, sem vinna að fræðslumálum, og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu...
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í fræðslumálum með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar.

Mynd 17: Úr samþykkt Mosfellsbæjar. (Mosfellsbær. 2003)

Framkvæmd ytra mats (starfsfólk sveitarfélags/aðkeypt þjónusta)

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar fylgist með framkvæmd skólahalds og hefur yfirumsjón með áætlanagerð og almennt eftirlit með skólastarfi. Einnig sér skrifstofan leik- og grunnskólum fyrir sérfræðilegri ráðgjöf skv. lögum og reglugerðum og hvetur til umbóta og framþróunar í skólastarfi (Heimasíða Mosfellsbæjar, 2010).

Í starfsáætlun Mosfellsbæjar fyrir starfsárið 2010 hafa megináherslur bæjarfélagsins verið skilgreindar út frá fjórum víddum sem eru: „fjármál og áætlanir, viðskiptavinir, mannauður, innri virkni og stjórnkerfi“. Fræðsluvið kallar síðan eftir því hjá hverri stofnun hvernig stofnunin hyggst meta hvernig markmiði verkefna sem tengjast megináherslum er náð að lágmarki fyrir 5 verkefni ársins.

Í viðtali við fræðslunefnd kom fram að megináherslan væri nú að efla innra matið. Skólarnir gera viðhorfskannanir, sem hluta af þeirra innra mati og fræðsluskrifstofa fær svo kynningar á niðurstöðum.

Umráða og tillögur til úrbóta

Í úttekt þeirri sem hér hefur verið gerð hefur þess verið freistað að leggja mat á ákveðna þætti skólastarfs í Varmárskóla í Mosfellsbæ með hliðsjón af lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Í meginatriðum eru niðurstöður þær að í Varmárskóla fari fram metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf. Eitt af markmiðum skólans er að gera skólann að hlýlegum og aðlaðandi vinnustað, þannig að nemendum líði vel og þeir öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur samastaður í leik og starfi. Niðurstöður benda eindregið til að vel hafi tekist til í starfi skólans að vinna að þessu markmiði. Nemendum líður vel í skólanum og þar er almennt hlúð vel að þörfum þeirra.

Varmárskóli er heildstæður grunnskóli með 1. til 10. bekk sem varð til með sameiningu tveggja skóla árið 2001, Varmárskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar. Ekki verður annað séð en vel hafi tekist til við að fella saman menningu skólanna tveggja, gamla barnaskólann í Varmárskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar. Mikil samheldni og eindrægni ríkir í starfsmannahópnum, allir eru þátttakendur í ákvörðunum er varða skólastarfið og rödd hvers og eins er jafnrétt há. Starf Varmárskóla fer fram í tveimur húsum og setur það skólastarfinu ákveðnar skorður. Skoðað verði hvernig unnið skuli að úrbótum fyrir skólann í húsnaðismálum en þá fyrst verður hægt að tala um að sameiningu skólanna tveggja sé lokið þegar öll starfsemi Varmárskóla er komin undir eitt þak.

Stjórnun skólans virðist vel fyrir komið með tveimur jafnrétt háum skólastjórum, starfsfólki er sýnt traust og þeim er falin forysta og ábyrgð. Skýr verkaskipting er á milli stjórnenda og aðgangur starfsfólks að stjórnendum er opin og þeir eru hvetjandi. Skólaráð hefur verið kjörið í Varmárskóla skv. lögum. Fundað hefur verið reglulega í ráðinu frá stofnun þess en ekki er búið að ganga frá fastmótuðu hlutverki skólaráðs í stjórnkerfi skólans samkvæmt reglugerð nr.1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Skólastjórnendur setja upp dagskrá funda og stjórna þeim. Búið er að setja upp fundi skólaráðs með dagskrá fyrir skólaárið 2010–2011 og er fundaaætlunin með dagskrá aðgengileg á heimasíðu skólans. Skólaráð þarf að hafa rödd við endurskoðun skólanámskrár og gerð starfsáætlunar sem enn eru af hálfu skólans ekki fullgerðar og aðgengilegar samkvæmt fyrirmælum laga um grunnskóla nr. 91/2008 – úr þessu þarf að bæta. Með því að ganga frá skólanámskrá og starfsáætlun eins og grunnskólalög gera ráð fyrir að þær séu úr garði gerðar gæti skapast skarpari stefnumótun og markmiðssetning fyrir starfsemi skólans.

Samdráttur í efnahagslífi virðist ekki hafa komið niður á starfsemi Varmárskóla. Leitast hefur verið við að niðurskurður kæmi ekki niður á kennslu nemenda utan þess að viðbótarkennslustundir í 1.–4. bekk, fimm kennslustundir á viku voru teknar af. Það var nokkuð ljóst að áðurnefnd fækkun kennslustunda ein og sér dygði ekki og uppi var krafa um meiri sparnað. Skólinn og stjórnendur hans fengu það verkefni að leita fleiri leiða að sparnaði í rekstri. Stjórnendur skólans voru ánægðir með þessi vinnubrögð bæjarstjórnar og fullyrtu að þær hefðu náð fram sparnaði í rekstri skólans eftir ýmsum leiðum. Sem dæmi um sparnað nefndu þær að einn af ráðnum deildarstjórum væri í námsleyfi á skólaárinu og að ekki hefði verið ráðið í hans stað heldur hafi stjórnendur skipt starfi hans með sér og þannig náð fram sparnaði. Fleira var nefnt og að margt smátt geri eitt stórt.

Stjórnendur skólans lögðu á það áherslu að erfitt væri um meiri sparnað næstu misserin. Ekki væri mikið svigrúm eftir til að hagræða í rekstri skólans án þess að grípa þyrfti til alvarlegri ráðstafana sem gætu komið til með að bitna á skólastarfinu með afgerandi hætti.

Styrkleikar og veikleikar

Í starfi og starfsháttum Varmárskóla felast margir styrkleikar en um leið má finna þar ýmsa veikleika sem hægt er að vinna á. Á grundvelli niðurstaðna úttektarinnar er hægt að greina eftirfarandi styrkleika og veikleika í starfsemi skólans (Tafla 5).

Tafla 5: Styrkleikar og veikleikar í starfi Varmárskóla.

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none">• Fjölbreytt, metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf sem byggir á öflugri framtíðarsýn.• Samstaða kennara og starfsfólks um skólastarfið.• Opin og styðjandi stjórnun og skýr verkaskipting stjórnenda.• Að horfa á hvern árgang sem náms-einingu frekar en bekk.• Mjög góður árangur í samræmdu námsmati.• Jafnréttisáætlun í skólanum og virk félags- og lýðræðismennt.• Skólinn er hvetjandi um samstarf við foreldra.• Jákvætt og styðjandi viðhorf foreldra til skólans.• Metnaðarfull mótökuáætlun fyrir nýbúa er til ásamt námsskipulagi.• Félaglega sterkir nemendur sem hafa jákvætt viðhorf til skólans.• Fjölbreytt og metnaðarfullt val.• Frábært útikennslusvæði og fjölbreytt umhverfi við skólann.• Tengsl skólastiga við bæði leik- og framhaldsskóla.• Námsver - stuðningur við nemendur með sértækar námsþarfir.	<ul style="list-style-type: none">• Heimasíða skólans þarf að vera upplýsandi og aðgengileg.• Skólanámskrá og starfsáætlun ekki gerðar í samræmi við lög.• Formleg starfsáætlun ekki verið gerð.• Ekki hefur verið lokið við starfsáætlun fyrir skólaráð né því fundinn staður í skipuriti.• Viðhorf nemenda til framhaldsmenntunar í heimabæ.• Vantar skýrara skipulag við innra mat og umbótaáætlanir ekki til staðar.• Endurmenntunaráætlun skólans þarf að endurvinnna í samstarfi með hagsmunaaðilum.• Móttökuáætlanir nemenda (aðrar en nýbúa) ekki frágengnar.• Öryggisáætlun ekki til staðar.• Skólastarf í tveimur skólahúsum.

Tillögur að aðgerðum til úrbóta

- Heimasíður grunnskóla eru endalaust verkefni og vandasamt sem kostar mikla vinnu ef þær eiga að vera upplýsandi og aðgengilegar. Hafa þarf í huga við gerð og daglega uppfærslu síðunnar að grunnskólalög gera miklar kröfur um að allar upplýsingar um skólastarfið skuli vera aðgengilegar foreldrum – líka foreldrum með litla tölvufærni.
- Grunnskólalög og aðalnámskrá eru mjög upplýsandi með það hvað á að vera í skólanámskrá og hvað á að vera í starfsáætlun. Skipting í skólanámskrá og starfsáætlun er sett í grunnskólalög til að auðvelda og spara skólum vinnu þar sem ekki þarf að uppfæra skólanámskrá á hverju skólaári. Skólanámskráin er stefnumarkandi til lengri tíma en eins árs. Starfsáætlunina þarf að sjálfsögðu að uppfæra fyrir hvert skólaár eins og heiti hennar

gefur til kynna. Huga þarf að því að starfsáætlunin standi undir nafni svo sem lög mæla fyrir um.

- Búið er að gera fundaáætlun skólaráðs fyrir skólárið 2010–2011 og er hún upplýsandi fyrir verkefni skólaráðs út skólaárið. Einungis er eftir að formgera starfsáætlun fyrir skólaráðið og finna henni stað í skipuriti skólans. Ábending: starfsáætlun skólaráðs og staða í skipuriti eiga að fara í skólanámskrá en fundaráætlun skólaráðs á heima í starfsáætlun skólans.
- Það er skoðun skýrsluhöfunda að Framhaldsskóli í Mosfellsbæ styrki allt skólastarf í bænum líka Varmárskóla. Því ber að líta svo á að vinna þurfi í því að gera framhaldsnám í heimabyggð eftirsóknarverðan kost hjá nemendum með markvissu samstarfi milli skólanna.
- Fram kom í viðtali við skólastjórnendur að endurmenntunaráætlun skólans væri gamalt plagg sem þarfnáðist endurnýjunar. Lagt er til að í samstarfi við kennara og starfsfólk verði lögð vinna í að fullgera endurmenntunaráætlun fyrir skólann út frá stefnu hans og framtíðarsýn. Góð endurmenntunaráætlun getur verið mikilvirkt verkfæri í höndum stjórnenda við skólaþróun náist samstaða um gerð hennar með hagsmuni aðila og stefnu að leiðarljósi.
- Að sögn skólastjóra vinnur Varmárskóli eftir ákveðnu ferli við inntöku nýrra nemenda í skólann. Gera þarf lýsingu á ferlinu og finna henni stað í skólanámskrá. Einnig skal vakin athygli á því frábæra framtaki sem leikskóladeildin við skólann er við aðlögun leikskólabarna að skólanum.
- Öryggisnefnd og öryggisáætlun skulu vera við skóla skv. vinnuverndarlögum.
- Skólastarf Varmárskóla í tveimur byggingum setur skólastarfi í skólanum ákveðnar skorður. Látið verður duga að nefna hér nokkrar staðreyndir í því sambandi sem eru: skólinn eitt námssamfélag, samstarf kennara í einu húsi í stað tveggja, eitt eldhús en matur er borinn fram í báðum skólahúsunum í dag, uppbygging á upplýsingatorgi í miðju skólans með skólabókasafni og vinnuástöðu fyrir starfsfólk o.fl.

Lokaorð

Það hefur verið einkar áhugavert og ánægjulegt að rýna í starf og starfshætti í Varmárskóla. Í skólanum er ríkur umbótavilji og margt áhugavert að gerast. Skýrsluhöfundar vænta þess að þær ábendingar sem hér er komið á framfæri leiði til ígrundunar meðal hagsmunaaðila skólans um þá þætti og þær gagnist til þróunar starfs og umbóta í skólanum.

Skýrsluhöfundar þakka starfsfólki skólans, nemendum, stjórn foreldrafélags, fræðsluráði, fræðslustjóra og skólastjórnendum fyrir góðar móttökur og gott samstarf við gagnaöflun á meðan úttektinni stóð.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir, Þórhildur Elfarsdóttir og Þóranna Rósa Ólafsdóttir. (2010). *Sjálfsmatsskýrsla. Skólaárið 2009–2010.* Mosfellsbær: Höfundar.
- Karl Fannar Gunnarsson og Sigurgrímur Skúlason. (2009). *Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009.* Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Karl Fannar Gunnarsson. (2010). *Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2010.* Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995*
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.*
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (14. júlí 2010). *Drög að aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* Sótt 1. nóv. 2010 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar//nr/3953>.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (Maí 2010). *Mat á skólastarfi. Áætlun um ytra mat í framhaldsskólum, grunnskólum og leikskólum 2010-2012.* Reykjavík: Höfundur
- Mosfellsbær. (2003). *Samþykkt fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar.* Sótt 15.11.2010 af <http://mosfellsbaer.is/samthykkjtiroreglur/fraedslunefnd>.
- Mosfellsbær. (2010). *Skólaskrifstofa.* Sótt 2. desember 2010 af <http://mosfellsbaer.is/Namogvelferd/skolaskrifstofa>
- Mosfellsbær. (2010). *Skólastefna Mosfellsbæjar.* Sótt 15.11.2010 af <http://mosfellsbaer.is/Namoguppeldi/Skolastefna/>
- Mosfellsbær. (2009). *Starfsáætlun fyrir starfsárið 2010. Deild 04-21 Varmárskóli.* Sótt 15.11.2010 af <http://varmarskoli.is/starfsaetlun09-10.pdf>
- Reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 388/1996.*
- Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.*
- Reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008.*
- Sigríður Sigurðardóttir og Svava Rós Sveinsdóttir. (e.d). *Skýrsla náms- og starfsráðgjafa. Skólaárið 2009-2010.* Mosfellsbær.
- Skólapúlsinn ehf. (2010). *Skólapúlsinn.* Sótt 9. desember 2010 af <http://skolapulsinn.is>
- Varmárskóli. (2010). *Mentor, nemendaskrá 10.11.2010.* Varmárskóli
- Varmárskóli. (2010). *Skipurit Varmárskóla 2010.*
- Varmárskóli. (2010). *Stefna Varmárskóla.* Sótt 14.11.2010 af http://varmarskoli.is/stefna_skolans.pdf